

Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðra vegaframkvæmda á Öxi og í botni Berufjarðar



Ritstjóri: Þóra Pétursdóttir

Höfundar efnis: Þóra Pétursdóttir, Ásta Hermannsdóttir
og Lís Rut Björnsdóttir



Fornleifastofnun Íslands
FS403-08061
Reykjavík
2008

Forsíðumynd: Varða SM-215:065, horft í austur (Þóra Pétursdóttir, 2008)

© Fornleifastofnun Íslands 2008

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047

Netfang: fsi@instarch.is

Heimasíða: www.instarch.is

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

- Alls voru skráðar 64 minjar á áhrifasvæði fyrirhugðara framkvæmda.
- Flestar minjar eru innan áhrifasvæðis veglínu A, eða 36 minjar, en fornleifar eru skráðar innan áhrifasvæða allra veglínanna.
- Margar minjanna teljast innan hættumarka vegna fleiri en einnar veglínu.
- Nauðsynlegt verður að gera rannsóknir á nokkrum minjastöðum áður en til framkvæmda kemur, og gera ráðstafanir til þess að hlífa öðrum minjum við raski þegar til framkvæmda kemur.

EFNISYFIRLIT:

1. INNGANGUR	7
RANNSÓKNARSVÆÐI OG HÆTTUMAT	8
FRAMSETNING EFNIS	9
2. UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM	10
3. FRAMKVÆMDASVÆÐI OG VEGLÍNUR	12
AXARVEGUR:	13
Veglína A	13
Veglína B	13
Veglína C	13
Veglína D	14
HRINGVEGUR UM BERUFJARÐARBOTN:	14
Veglína X	14
Veglína Y	14
Veglína Z	14
Veglína W	14
Hringvegur um sunnanverðan Berufjörð	15
Heimreiðar	15
NÁMUR:	15
4. FORNLEIFAR Á FYRIRHUGUÐU FRAMKVÆMDASVÆÐI	16
FORNLEIFASKRÁ	18
SM-060 Þingmúli	18
SM-060c Þingmúli (Múlaafrétt)	23
SM-062 Stefánstaðir	23
SM-215 Berufjörður	23
SM-691 Fornleifar á fleiri en einni jörð	36
5. SAMANTEKT – FORNLEIFAR Í HÆTTU Á FRAMKVÆMDASVÆÐI VEGAGERÐAR	38
MINJAR Í HÆTTU/STÓRHÆTTU VEGNA VEGLÍNU A	38
MINJAR Í HÆTTU/STÓRHÆTTU VEGNA VEGLÍNU B	41
MINJAR Í HÆTTU/STÓRHÆTTU VEGNA VEGLÍNU C	42
MINJAR Í HÆTTU/STÓRHÆTTU VEGNA VEGLÍNU D	43
MINJAR Í HÆTTU/STÓRHÆTTU VEGNA VEGLÍNU X	44
MINJAR Í HÆTTU/STÓRHÆTTU VEGNA VEGLÍNU Y	44

MINJAR Í HÆTTU/STÓRHÆTTU VEGNA VEGLÍNU Z	46
MINJAR Í HÆTTU/STÓRHÆTTU VEGNA VEGLÍNU W	46
MINJAR Í HÆTTU/STÓRHÆTTU VEGNA HRINGVEGAR UM SUNNANVERÐAN BERUFJÖRÐ	48
MINJAR Í HÆTTU/STÓRHÆTTU VEGNA HEIMREIÐA	49
MINJAR Í HÆTTU VEGNA EFNISNÁMS Í TENGLUM VIÐ FRAMKVÆMDIR	50
6. NIÐURLAG	52
HEIMILDIR	54
VIÐAUKI: HNITASKRÁ, LOFTMYNDIR OG MINJAKORT	56
HNITASKRÁ SKRÁÐRA MINJA	57
LOFTMYNDIR OG MINJAKORT	60

1. INNGANGUR

Öxi heitir fjallvegurinn á milli Berufjarðar og Skriðdals og hefur lengi verið fjölfarin þjóðleið. Meðal annars var þar lengi vel kaupstaðarleið Héraðsmanna til kauphafna í Gautavík og síðar við Djúpavog. Vegagerð á Öxi hófst 1959, en það ár veitti Ungmennafélag Innstrendinga við Berufjörð, Djörfung, uppsöfnuðum arði af rófurækt félagsins, rúmum 20 þúsund krónum, óskiptum til vegagerðar á Öxi. Var þá ruddur slóði inn að svonefndri Vagnabrekku í botni Berufjarðardals. Fyrir framlag úr Fjallvegaskjóði og mikla sjálfboðavinnu tókst svo að teygja slóðann alveg yfir heiðina ári síðar.¹ Núverandi akvegur yfir Öxi er 18,7 km langur og liggur mest í 532 m hæð yfir sjávarmáli. Hann var lengi vel torfær og taldist til fjallvega þar til gerðar voru á honum endurbætur fyrir fáum árum. Eftir það hefur umferð um veginn aukist verulega², enda felst í honum umtalsverð stytting á Hringvegi milli Héraðs og Berufjarðar.

Nú stendur til að gera umfangsmiklar vegabætur á Axarvegi, sem m.a. fela í sér tilfærslu á vegarstæði. Framkvæmdin er á Vegaáætlun 2007-2010 auk þess sem hún telst, samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar, til mótvægisáðgerða vegna skerðingar þorskkvóta og nýtur samkvæmt því fjárveitingar á árunum 2009-2011.

Snemma árs 2008 fór Vegagerðin á Akureyri þess á leit við Fornleifastofnun Íslands að hún gerði mat á áhrifum þessara fyrirhuguðu framkvæmda á menningarminjar á svæðinu, í tengslum við mat á umhverfisáhrifum. Vegagerðin hafði þá skilgreint rannsóknarsvæði á grundvelli fyrirbyggjandi tillagna um staðsetningu veglína, en sú fornleifaskráning og hættumat sem hér fer á eftir byggir á þeim tillögum.

Dagana 7.-18. júlí og 9.-10. október 2008 unnu starfsmenn Fornleifastofnunar ítarlega vettvangsúttekt á áhrifasvæði framkvæmdanna, en úrvinnsla gagna fór fram haustið 2008. Þóra Pétursdóttir, fornleifafræðingur, og Ásta Hermannsdóttir, nemi í fornleifafræði, gerðu vettvangsathugun og sáu um úrvinnslu gagna, en Lís Rut Björnsdóttir sá um alla kortagerð. Þóra Pétursdóttir hafði umsjón með verkefninu og sá um ritun skýrslu. Skráningarmenn vilja nota tækifærið og þakka heimildamönnum sínum

¹ Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, bls. 369.

² Axarvegur (939) og Hringvegur (1) um Skriðdal og Berufjarðarbotn. Tillaga að matsáætlun, bls. 3.

ómælda aðstoð við skráninguna. Einnig eru gestgjöfum á Eyjólfsstöðum í Fossárdal færðar þakkir fyrir góðar móttökur.

Rannsóknarsvæði og hættumat

Sú úttekt sem gerð var er s.k. deiliskráning. Áhrifasvæði fyrirhugaðra vegaframkvæmda var gengið í markvissri leit að áður óþekktum fornleifum, auk þess sem mat var lagt á þá hættu sem áður þekktum minjum stafar af framkvæmdunum. Við vettvangsrannsóknina var stuðst við fyrirbyggjandi svæðisskráningu fornminja á svæðinu, þ.e. heimildaúttekt, auk þess sem rætt var við heimildamenn á viðkomandi jörðum.

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru í raun þríþættar. Í fyrsta lagi verða gerðar endurbætur á Hringvegi á um 6 km kafla, frá norðurenda Skriðuvatns að Axarvegi. Í öðru lagi er um að ræða vegabætur á Öxi, fjallveginum á milli Berufjarðar og Skriðdals. Nýr vegur um Öxi verður 19-21 km langur og telst ná frá Hringvegi í Skriðdal að gatnamótum við Hringveg í botni Berufjarðar. Í þriðja lagi er um að ræða lagfæringar á núverandi Hringvegi í botni Berufjarðar. Þar er gert ráð fyrir nýjum og endurbyggðum vegi á 5-7 km kafla, milli Hvannabrekku í norðanverðum firðinum að Lindarbrekku í honum sunnanverðum. Í samráði við Skipulagsstofnun tók Vegagerðin þá ákvörðun í apríl 2008 að meta umhverfisáhrif allra framkvæmda í einum áfanga og samnýta þannig störf rannsóknaraðila. Sú úttekt sem hér fer á eftir nær því til svæðisins í heild, frá norðurenda Skriðuvatns, um Öxi og loks um Hringveg beggja vegna fjarðar í botni Berufjarðar.

Tillögur að staðsetningu veglína eru nokkrar innan beggja verkþátta og verður nánar fjallað um hverja veglínu fyrir sig í 3. kafla. Rannsóknarsvæði hvernar veglínu miðaðist við 200 m, þ.e. 100 m til hvorrar handar frá miðlínu vegar. Þetta á einnig við þá kafla þar sem fyrirhugaðar vegabætur fylgja núverandi vegarstæði, eins og í botni Skriðdals³. Þar sem veglínur skarast, eins og í brattanum í Berufjarðardal, renna rannsóknarbeltin hins vegar saman og verður heildarúttektarsvæði á þeim kafla því mun breiðara.

Í tillögum Vegagerðar að veglínunum eru einnig gerðar tillögur að mögulegum efnistökusvæðum. Nákvæm staðsetning þessara svæða (þ.e. nákvæm hnitun þeirra) lá

³ Axarvegur (939) og Hringvegur (1) um Skriðdal og Berufjarðarbotn. Drög að tillögu um matsáætlun, bls. 15.

ekki fyrir í þeim gögnum sem Vegagerðin afhenti Fornleifastofnun, heldur einungis afstaða þeirra til fyrirhugaðra veglína og staðsetning á loftmynd. Við vettvangsathugun mögulegra efnistökuastaða var því farið frjálslégar með 200 m afmörkunina og stærri svæði könnuð.

Minjar sem lenda innan 200 m rannsóknarsvæðis teljast innan mögulegs áhrifasvæðis og eru metnar í hættu vegna framkvæmdanna. Sá hættustuðull sem notast er við er enn fremur tvíþættur. Annars vegar eru minjar á 100 m belti næst veglínu (innan 50 m frá miðlínu vegar) metnar í *stórhættu* vegna framkvæmdanna. Hins vegar eru minjar 50-100 m frá miðlínu vegar metnar í *hættu* vegna framkvæmdanna. Minnt er á að sú úttekt sem gerð hefur verið er yfirborðskönnun og nær ekki til mögulegra minja undir sverði. Slíkra minja er helst að vænta innan heimatúna, í námunda við bæjarstæði, og ber því að viðhafa sérstaka aðgát við framkvæmdir á slíkum svæðum.

Framsetning efnis

Í skýrslunni er fylgt hefðbundinni framsetningu FSÍ á nauðsynlegum gögnum við deiliskráningu og umhverfismat. Í 2. kafla er greint er frá lögbundnum forsendum fornleifakönnunar. Í 3. kafla eru takmörk rannsóknarsvæðis skilgreind og fyrirhugaðar veglínur Vegagerðar kynntar. Í fornleifaskrá (4. kafla) er vettvangsrannsókn og skráningaraðferðum lýst, og fjallað ítarlega um hvern minjastað á áhrifasvæði framkvæmdanna. Í 5. kafla er samantekt þar sem lagt er mat á áhrif framkvæmda og gerðar tillögur um mótvægisáðgerðir. Í 6. kafla er niðurlag. Í viðauka, aftast í skýrslunni er að finna loftmyndir sem sýna dreifingu minja og afstöðu þeirra til fyrirhugaðra veglína.

Afrit af þessari skýrslu er sent Fornleifavernd ríkisins.

2. UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 10. grein þjóðminjalaga (nr. 107/2001), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.“ Auk þjóðminjalaga ná lög um mat á umhverfisáhrifum (nr. 106/2000) einnig yfir verndun menningarminja, enda markmið laganna að tryggja að mat á umhverfisáhrifum verði fastur liður í undirbúningi að framkvæmdum. Í 5. gr. ofangreindra laga eru tilgreindar framkvæmdir sem háðar eru umhverfismati, og er vegagerð þar á meðal. Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.


Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa (sbr. 9. gr. Þjóðminjalaga).

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu hefur verið fylgt við framkvæmd umhverfismats, líkt og gert er við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 14. gr. Þjóðminjalaga frá 2001 segir m.a.: „Nú telur landeigandi, ábúandi eða einhver annar, þar á meðal sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, að hann þurfi að gera jarðrask, svo sem vegna vegagerðar, veitulagnar, framræslu eða skógræktar, er haggð geti við fornleifum og skal hann þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá því áður en hafist er handa við verkið. Við allar meiriháttar framkvæmdir, svo sem vegagerð, virkjanaframkvæmdir, flugvallargerð, veitulagnir og skógrækt, skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum.“

3. FRAMKVÆMDASVÆÐI OG VEGLÍNUR

Eins og áður segir eru tillögur Vegagerðarinnar að vegstæðum fleiri en ein. Þrjár megentillögur eru að vegstæðum upp brattann í Berufjarðardal (veglínur A, B og C), en veglínu D má auk þess telja með þeim. Eins eru fleiri tillögur að því hvernig vegurinn mun liggja um botn Berufjarðar (veglínur X, Y, Z, og W). Hér verður legu hvernar tillögu lýst í fáum orðum, en hana má einnig sjá á loftmynd hér að neðan og í viðauka. Í 5. kafla verður svo rætt um hverja veglínu fyrir sig og þær fornleifar sem framkvæmdir við hana geta eða munu raska.



Kort Vegagerðar af fyrirhuguðum veglínunum í botni Berufjarðar

Axarvegur:

Veglína A

Veglína A liggur frá norðurenda Skriðuvatns, yfir Öxi að Hringvegi í Berufjarðarbotni. Hún fylgir núverandi þjóðvegi að mestu leyti frá slitlagsenda við norðanvert Skriðuvatn að afleggjara á Öxi. Þá fylgir hún núverandi Axarvegi nokkurn veginn, en liggur þó víða aðeins austan hans, að afleggjara að Ódáðavötnum á háheiðinni. Þar sveigir veglína A vestur fyrir núverandi Axarveg og liggur vestan hans suður fyrir Víná. Þá fylgir hún núverandi vegarstæði nokkurn veginn niður fyrir Vagnabrekku, en liggur eftir það nokkuð ofar, eða norðar, en núverandi vegur. Neðan við neðsta klif, austan Selár, er kröpp beygja á núverandi Axarvegi norður fyrir tún á Melshorni. Veglína A sniðgengur þessa kröppu beygju og liggur áfram til austsuðausturs, sunnan túna á Melshorni og yfir ósa Berufjarðarár, þar sem hún sameinast núverandi Hringvegi. Veglína A er eina tillagan um legu vegarins frá norðurenda Skriðuvatns austur að Háubrekku vestan Grjótár.

Veglína B

Veglína B liggur frá fjarðarbotni upp brattann í Berufjarðardal, að Háubrekku. Hún liggur frá Leirum innst í firðinum, að mestu norðan Berufjarðarár. Þar fylgir hún veglínu A nokkurn veginn suður fyrir tún á Melshorni, en sveigir þá suður yfir Berufjarðará skammt frá Ástufossi. Leiðin liggur aftur norður yfir ána við Folaldafoss nokkru ofar og þaðan vestur yfir Beitivelli. Þá sveigir veglínun til vesturs og fer enn yfir Berufjarðará undir Háöldu og liggur þaðan norður með ánni. Þá verður nokkur hlykkur á leiðinni austur yfir ána og þaðan upp efstu brekkurnar austan ár uns hún sameinast veglínu A norðan Grjótár.

Veglína C

Veglína C liggur frá Hringvegi í sunnanverðum Berufjarðarbotni upp undir Háöldu. Hún liggur í nær beinni línu til vesturs, undir hlíðinni sunnan Berufjarðarár. Suðvestan Beitivalla rennur áin í miklu gili og liggur leiðin norður yfir gilið og sameinast veglínu A í nokkrum hlykk norðvestan Beitivalla.

Veglína D

Veglína D liggur um ysta hluta Berufjarðardals. Hún liggur frá núverandi Hringvegi sunnan Berufjarðarár, til norðvesturs yfir ána nokkru innan við núverandi veg. Þaðan liggur hún þvert yfir tún á Melshorni og sameinast núverandi Axarvegi (og veglínu A) við neðsta klifið, skammt vestan við Melshorn.

Hringvegur um Berufjarðarbotn:

Veglína X

Veglína X liggur um botn Berufjarðar. Hún liggur frá Reiðeyri sunnan fjarðar og fylgir þaðan núverandi Hringvegi með sunnanverðum fjarðarbotni. Þaðan liggur leiðin í sveig norður leirur Berufjarðaróss og sveigir þaðan til austurs með sjó, suðaustan við bæinn Berufjörð, og sameinast þar veglínu Y.

Veglína Y

Veglína Y liggur með sjó um norðanverðan Berufjörð. Hún fylgir ströndinni frá Berufjarðarárósi suður fyrir Berufjarðarbæ. Suðaustan við bæinn greinist hún í tvennt (þ.e. þar eru tvær tillögur að legu hennar) og liggur annars vegar með ströndinni, en hins vegar þvert yfir víkina vestan Staðareyrar. Austan við víkina liggur leiðin í suðurjaðri Hvannabrekktúna og sameinast núverandi Hringvegi skammt innan við Skolhólalæk.

Veglína Z

Veglína Z liggur þvert yfir Berufjörðinn. Hún liggur af núverandi Hringvegi við Reiðeyri sunnan fjarðar og norður á vestanverða Staðareyri norðan hans. Þaðan sveigir leiðin til norðausturs með sjó, í suðurjaðri túna á Hvannabrekku og sameinast núverandi Hringvegi austan þeirra, á sama stað og veglína Y.

Veglína W

Veglínu W var bætt við tillögur um legu Hringvegjar vegna athugasemda frá Umhverfisstofnun og Skipulagsstofnun, og miðar tillagan að því að rask við strönd, leirur

og sjávarfitjar í Berufjarðarbotni verði sem minnst. Veglínin liggur því samsíða veglínu Y, en nokkru norðar eða fjær ströndinni. Hún þverar því tún í Berufirði, en sameinast svo veglínu Y norðan Staðareyrar á landamerkjum Hvannabrekku og Berufjarðar.

Hringvegur um sunnanverðan Berufjörð

Vegabætur eru fyrirhugaðar um sunnanverðan Berufjörð og mun vegstæði þar fylgja núverandi Hringvegi. Framkvæmdasvæðið nær frá fjarðarbotni (en fer þó eftir þeirri veglínu sem valin verður um fjarðarbotn, eða þverun fjarðar) og að núverandi klæðningarenda við Lindarbrekku.

Heimreiðar


Tilfærsla á vegarstæði í botni Berufjarðar mun hafa í för með sér nauðsyn á nýjum heimreiðum að tveimur bæjum, þ.e. Berufirði og Hvannabrekku. Tillögu að staðsetningu þessara heimreiða er að finna í tillögum Vegagerðar að veglínunum. Nákvæm staðsetning þeirra liggur þó ekki fyrir, en tillögurnar má sjá á loftmynd í viðauka.

Námur:

Í tillögum Vegagerðarinnar að veglínunum er einnig að finna tillögur að mögulegum efnistökusvæðum við viðkomandi veglínur. Nákvæm staðsetning þessara náma, eða umfang þeirra liggur þó ekki fyrir þótt staðsetning þeirra sé tilgreind á loftmyndum Vegagerðar. Í tillögum Vegagerðar eru 17 námur en staðsetningu þeirra má sjá á loftmyndum í viðauka.

4. FORNLEIFAR Á FYRIRHUGUÐU FRAMKVÆMDASVÆÐI

Við skráningu á fornleifum notar Fornleifastofnun Íslands staðlað kerfi þar sem hver sýsla hefur skammstafað heiti (EY, NÞ, SM o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Hver jörð hefur sk. jarðaspjald þar sem gefið er yfirlit um matsverð jarðarinnar, skiptingu hennar og einnig er gefin stutt lýsing á náttúruferi, búskaparaðstæðum og sléttun túna. Á eftir jarðaspjaldi fylgir listi yfir allar þekktar fornleifar á viðkomandi jörð. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnar minjastaðir tilheyrja. Hverjum minjastað er þá gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: SM-215:024).



Í fornleifaskránni fær hver minjastaður eina grein (sbr. myndina hér að ofan) og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnettstaða. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða nátttröll). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnettstaða minjastaðarinnar í gráðum og mínútum. Mæling hnettstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er reynt að

mæla í miðju hvers minjastaðar. Áætlað er að frávik sé ekki meira en 10 metrar að meðaltali. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist við skrásetningu á vettvangi. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra frávik.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt með öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) stórhættu. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap, og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu eru minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum verði raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis framkvæmda eða sem uppblástur ógnar. Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju sinni.

Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Hér á eftir fylgir skrá þeirra fornleifa sem eru innan áhrifasvæðis vegna vegaf framkvæmda við Axarveg og Hringveg í botni Berufjarðar. Aftast í skýrslunni er að finna loftmyndir þar sem staðsetning hvernar fornleifar er sýnd ásamt tillögum Vegagerðar um staðsetningu vegstæða.

Fornleifaskrá


SM-060 Þingmúli

Kirkjustaður. 12 hdr. 1695. c. 1200: Kirkjan nefnd í kirknaskrá Páls, DI XII 4 Kirkjustaður, hjáleigur, Borg, Stefánstaðir og Hátún en einnig er getið um hjáleigurnar Hraungerði, Bjarnastaði og Vatnskóg. Kirkjan átti skógarítak í Stóra Sandfelli og Hallormsstaðaskógi, ásamt sandpörtum á Héraðssandi. "Fjalið Múli er nafngjafi hins forna Múlaþings í þeim skilningi, að af Múlanum er nafn þess dregið, svo og Múlasýslna. Þar var þingstaður að fornu og getið vorþings þar á einum stað í Droplaugasona sögu. ... Þ hefur verið kirkjustaður frá alda öðli, og pressetur til 1892, er Þingmúlaprestakall var sameinað Vallanesi. ... Heimaland Þ hefur fyrr á öldum náð yfir allt landið milli Geitdalsár í Norðurdal og Múlaár í Suðurdal, þ.e. yfir allan Múlann, en svo heitir allur hálsin milli dalanna, innan frá Múlaafrétt og út á Múlakoll. ... Nú nær Þingmúlaland Norðurdalsmegin að Marklæk og í Suðurdal að kíli við Múlastekkjartún. Að öðru leyti takmarkast landið af ánum og háhygg Múlans." SJM II, 96.

1918: tún 3,3 ha; garðar 520m². "Bær og kirkja standa niður við Múlaá, og gamla túnið liggur meðfram ánni, sem hefur brotið það upp. Það er jarðgrunnt hólátún, harðlent, en greiðfært. Vestan Múlakolls gengur brött hlíð inn til Norðurdals. Þar eru uppgróin hlaup hið efra, en blautar mýrar og djújaversli neðar, en innan til dálítið vallendi og kjarrspilda. Þar er Hlíðarsel, og sjást tætturarnar. Engjarnar voru á reytingssömum mýrum norðan Kolls út og undir ármót, en betri suður með Múlaá, vallendi og hálfdeigjur í Múlahorni við ána og í svæðum ofar, auk þess í Lónatanga í Hallbjarnarstaðarlandi handan ár (ítak). Engjarnar þóttu fremur hægjar til heyskapar, nærtækar og greiðfærar, en ekki víðáttumiklar." SJM II, 96-97.

SM-060:041 tóft beitarhús

64°56.689N 14°38.167V



"Skammt út og upp af Forvaðahöfða eru fornar rústir, nafnlausar. Þær eru á sléttri grund. Gætu verið sel eða eyðibýli," segir í örnefnalýsingu.

Tóft er í skógarjaðri norðan við Forvaðará, um 100 m ofan (austan) við þjóðveg, á svæði sem kallað er Gróin. Líklega hefur þar verið beitarhús frá Vatnsskógum. Tóftin er um 120 m austur af miðlínu A.

Tóftin er á grónum hól umvafin lágum birkiskógi.

Tóftin er um 14x8 m stór og snýr austur-vestur. Tóftin greinist í þrjú hólf. Stærsta hólf (A) er um 6,5x3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Hleðslur eru úr torfi og grjóti og allt að 1 m háar og 1,5 m breiðar. Umför eru 4-6. Op er á vesturhlíð hólfins og leiðir inn í einskona aðhald eða gerði (B) framan við hólf (A). Hleðslur þess eru mun signari og ekkert grjót í þeim. Hæð þeirra er mest um 0,3 m. Aðhaldið er um 6x4 m að innanmáli. Op er á vesturhlíð þess, en norðurhlíð vantar alveg. Við suðausturhorn hólf A er niðurgrafið hólf (C). Það er um 2x2 m að innanmáli og virðist opið til vesturs. Suðurveggur hólf A myndar norðurhlíð þess, en annars eru veggir ekki upphlaðnir. Umhverfis tóftina er mikill birkiskógur og stafar henni nokkur hætta af því. Nokkrar birkihríslur hafa þegar rutt sér leið inn í hólf A.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Vatnsskógar, 4

SM-060:042 dys óþekkt

64°54.711N 14°38.779V

Grótdys er um 8 m vestan við núverandi þjóðveg, þar sem fyrirhugaður vegur mun liggja, um 1,3 km norður af Axarvegarafleggjara.

Á lynggrónum mel.

Svo virðist sem hola hafi verið grafin og svo fyllt grjóti. Ummál dysarinnar er um 2x2 m og hæð 0,3 m. Grjótið er misjafnt að stærð og eitthvað mosagróið. Mögulega eru þetta ummerki grjóthreinsunar vegna vegagerðar.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar



Dys 060:042, horft í suður

SM-060:043 varða samgöngubót

64°54.594N 14°38.531V

Varða er um 80 m ofan (austan) við þjóðveg, þar sem fyrirhugaður vegur A mun liggja, um 950 m norðan við Axarvegarafleggjara.

Á hálfgrónum, blásnum mel.

Varðan er að nokkru leyti fallin saman. Hún er um 2x2 m ummáls og 0,4 m á hæð. Stærri grjót virðist hafa verið í ytri hluta hleðslu en minna í miðju. Fast norðan við vörðuna liggur gamli vegurinn upp á Breiðdalsheiði 044, og er mögulegt að grjótið hafi verið hreinsað úr honum og hrúgað svona saman.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

SM-060:044 gata leið

64°54.701N 14°38.746V



Gamli vegurinn 060:044, horft í austur

Sunnarlega í landi Vatnsskógar er reisuleg varða ofan (austan) við þjóðveginn. Gamli slóðinn upp Breiðdalsheiði liggur frá núverandi þjóðvegi og upp hlíðina að vörðunni.

Í gróinni hlíð.

Slóðinn er greinilegur á um 360 m kafla en fjarar svo út. Hann liggur frá vörðunni skáhallt í norðvestur niður hlíðina að þjóðvegi og fylgir svo þjóðveginum að vestanverðu nokkurn spöl. Slóðinn er grjóthreinsaður og allt að 2 m breiddur. Um 10 m vestan þjóðvegarins liggur slóðinn yfir dálitla kvos. Þar hefur verið hlaðið undir hann (hnit 060:044A). Einnig er hlaðið undir hann um 20m ofan (austan) við þjóðveginn (hnit 060:044B).

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

SM-060:045 varða samgöngubót

64°49.944N 14°39.961V

Við afleggjarann að Ódáðavötnum, um 30 m eftir að beygt er inn á hann af Öxi, er vörðubrot á vinstri hönd. Það er um 70 m austur af veglínu A.

Varðan er á grýttum hól við vegslóðann. Hóllinn er nokkuð vel gróinn mosa og fléttum.

Vörðubrotið er um 70 cm að breidd, 1,1 m að lengd og 30 cm að hæð. Vestur af brotinu er grjót sem líklegast hefur hrunið úr vörðunni. Steinarnir í vörðunni eru nokkuð vaxnir fléttum og er varðan líklegast partur af gömlu leiðinni yfir Öxi 691:002.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

SM-060:046 varða samgöngubót

64°49.926N 14°40.002V

Varða er fast austan við veg að Ódáðavötnum, um 50 m sunnan við vörðu 045. Varðan er mögulega á gömlu leiðinni yfir Öxi 691:002, sem lá nokkurn veginn eins og þjóðvegur nú. Einnig gæti verið um merkjavörðu að ræða, á jarða og hreppamerkjum. Varðan er um 40 m austur af veglínu A.

Á lágu, mosagrónu klettaneði.

Varðan er toppmynduð, um 1 m á hæð og grunnflötur hennar um 1x1 m. Umför eru 4-5.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

SM-060:047 varða samgöngubót

64°49.963N 14°40.007V

Varða er fast vestan við slóða að Ódáðavötnum. Varðan er líklega á gömlu leiðinni yfir Öxi 691:002, sem lá eins og þjóðvegur nú. Varðan er um 40 m austur af veglínu A.

Á mosagrónum hól.

Varðan er topphlaðin og reisuleg. Grunnflötur hennar er um 0,8x0,8 m að stærð. Hæð vörðunnar er um 1,3 m og umför 9.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar



Varða 060:047, horft í norður

SM-060:048 varða samgöngubót

64°50.205N 14°40.019V

Vörðubrot er fast austan við núverandi þjóðveg. Vörðubrotið er líklega á gömlu leiðinni yfir Öxi 691:002, sem lá eins og þjóðvegur nú. Vörðubrotið er í veglínu A.

Á mosagrónum mel.

Brotið er um 0,5x0,5 m að stærð í grunninn og 0,5 á hæð. Þrjú umför standa en grjótdreif er umhverfis það.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

SM-060:049 varða samgöngubót

64°50.256N 14°40.056V

Varða er á holti rétt ofan austan við núverandi veg. Hún er um 40 m vestur af veglínu A.

Holtið, sem varðan stendur á, er vel gróið mosa en grýtt smágrjóti inn á milli.

Varðan er stæðileg um 1 m á breidd, 1,2 m á lengd í grunninn og 1,2 m á hæð. Eitthvað gæti hafa hrunið úr henni því nokkrir steinar eru í kringum hana. Varðan er vel gróin fléttum og var líklegast á gamalli leið yfir Öxi 691:002.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

SM-060:050 varða samgöngubót

64°50.458N 14°40.238V



Varða 060:050, horft í norður

Varða er á holti fast vestan við núverandi þjóðveg þar sem hann liggur yfir heiðina. Hún er líklega á gömlu leiðinni yfir Öxi 691:002, sem lá nokkurn veginn eins og þjóðvegur nú.

Varðan er um 75 m vestur af veglínu A.

Á mosagrónum hól.

Grunnflötur vörðunnar er um 1x1 m. Hún er topphlaðin, en hrunið úr henni til norðurs. Hæð hennar er um 1 m. Umför eru afar mörg, en varðan er hlaðin að mestu úr hellugrjóti.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

SM-060:051 varða samgöngubót

64°50.468N 14°40.190V

Fast austan við núverandi veg er varða. Hún er um 40 m vestur af veglínu A.

Varðan stendur efst á holti og er brekka austan við hana. Holtið er gróið mosa.

Varðan er um 0,5 m á breidd, 1m á lengd í grunninn og 1 m á hæð. Sumir steinarnir í henni eru gróinir fléttum, aðrir ekki, og er því hægt að draga þá ályktun að hún hafi verið endurreist tiltölulega nýlega. Eitthvað virðist hafa hrunið úr henni. Líklegast hefur varðan verið á gamalli leið yfir Öxi 691:002.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

SM-060:052 varða samgöngubót

64°50.553N 14°40.266V

Varða er á dálítilli klöpp um 20 m vestan við núverandi þjóðveg, þar sem hann liggur yfir háheiðina. Hún er líklega á gömlu leiðinni yfir Öxi 691:002, sem lá eins og þjóðvegur nú. Varðan er um 30 m vestur af veglínu A.

Á klöpp austan við litla tjörn.

Varðan er reisuleg, um 1,2 m á hæð og 9 umför. Grunnflötur hennar er um 0,5x0,5 m en hún er topphlaðin.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

SM-060:053 varða samgöngubót

64°50.596N 14°40.317V

Varða er á stórum steini um 20 m vestan við núverandi þjóðveg, þar sem hann liggur yfir háheiðina. Hún er líklega á gömlu leiðinni yfir Öxi 691:002, sem lá eins og þjóðvegur nú.

Varðan er um 45 m vestur af veglínu A.

Á stórum steini skammt austan við dálitla tjörn.

Steinninn er tæplega 1 m á hæð og varðan þar ofan á. Samtals um 1,5 m á hæð. Hleðslan er topphlaðin og 6 umför. Varðan er um 0,4x0,4 m ummáls.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar



Varða 060:053, horft í vestur

SM-060:054 varða samgöngubót 64°50.651N 14°40.367V

Varða er um 20 m vestan við núverandi þjóðveg þar sem hann liggur yfir háheiðina. Hún er líklega á gömlu leiðinni yfir Öxi 691:002, sem lá eins og þjóðvegur nú. Varðan er um 30 m vestur af veglínu A.

Á mosagrónum klapparhól.

Varðan er reisuleg, um 1 m á hæð og 6 umför. Grunnflötur hennar er um 1x1 m.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

SM-060:055 varða samgöngubót 64°50.774N 14°40.429V

Varða er á lágu holti rétt austan við þjóðveg, þar sem hann liggur yfir háheiðina. Varðan er um 20 m vestur af veglínu A.

Holtið er mjög gróið og varðan stendur neðst í því.

Varðan er um 1 m breið, 1,1 m löng í grunninn og 1,2 m á hæð. Eitthvað hefur hrunið úr henni, en þó er hún stæðileg. Varðan er nokkið gróin fléttum og hefur líklegast verið á gamalli leið yfir Öxi 691:002.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

SM-060:056 varða samgöngubót 64°50.801N 14°40.422V

Varða er á lágu holti rétt austan við þjóðveg, þar sem hann liggur yfir háheiðina. Varðan er í veglínu A.

Á hálfgrónu holti.

Varðan er um 1 m á breidd, 1,1 m á lengd í grunninn og 0,5 m á hæð. Nokkuð hefur hrunið úr henni.

Varðan er nokkuð gróin fléttum og mosa. Líklegast var hún á gamalli leið yfir Öxi 691:002.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

SM-060:057 varða samgöngubót 64°50.930N 14°40.415V



Tvær vörður eru 30 m austan við núverandi þjóðveg, þar sem hann liggur yfir heiðina. Þær eru líklega á gömlu leiðinni yfir Öxi 691:002, sem lá eins og þjóðvegur nú. Vörðurnar eru um 40 m austur af veglínu A.

Á urðarhól.

Nyrðri varðan er reist á stórum steini. Hún er um 0,8 m á hæð, en að meðtöldum steininum um 1 m. Hún er hlaðin úr hellugrjóti, 12 umför. Hún er um 0,6x0,6 m að stærð og mjókkar ekki upp. Um 4 m sunnar er hin varðan. Hún er um 0,5 í þvermál og 0,5 m á hæð. Hleðslan er úr hellugrjóti, um 10 umför.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

SM-060:058 varða samgöngubót 64°50.930N 14°40.486V

Varða er fast vestan við núverandi þjóðveg þar sem hann liggur yfir heiðina. Líklega er hún á gömlu leiðinni yfir Öxi 691:002, sem lá eins og þjóðvegur nú. Varðan er um 20 m vestur af veglínu A.

Á mosagrónum melhól.

Varðan er topphlaðin, um 0,5 m á hæð og virðist ekki hafa verið hærri. Umför eru fjögur. Grunnflötur vörðunnar er um 0,5x0,5 m.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

SM-060:059 varða samgöngubót 64°51.116N 14°40.364V

Varða er á holti rétt austan við núverandi þjóðveg, um 70 m austur af miðlínu A.

Holtið er vel gróið mosa ofan við vörðuna, en neðan við hana er það grýttara.

Varðan er um 1,1 m á lengd, 1 m á breidd í grunninn og 0,8 m á hæð. Lítið virðist hafa hrunið úr henni.

Varðan er vel gróin fléttum og hefur líklega verið á gamalli leið yfir Öxi 691:002.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar


SM-060:060 gerði rétt 64°57.542N 14°37.858V

Fast norðan við heimreiðina að Vatnsskógum fellur lítill lækur fram af hamri. Í gilinu neðan við hamarinn er hlaðin rétt. Réttin er um 50 m austan við þjóðveg, þar sem fyrirhugað vegstæði A mun liggja.

Í grónu lækjargili.


Réttin er hlaðin upp við brekkuna að sunnanverðu í gílinu en brekkan myndar aðhald að norðanverðu. Norðurhlið vantar því í rauninni og erfitt að gefa upp nákvæmt mál á mannvirkinu. Það er þó líklega um 10x6,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Hleðslur eru úr grjóti, allt að 1 m á hæð og 4 umför. Op er á vesturhlið.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar



SM-060:061 tóft óþekkt

64°55.092N 14°38.843V



Tóft er um 12 m vestan við þjóðveg innst í Skriðdal, þar sem fyrirhugað vegstæði A mun liggja.

Á dálitlum grónum hól umvöfðum víðikjarri.

Tóftin er sigin og gróin. Ekkert grjót er sýnilegt í hleðslum. Í norðurhluta tóftarinnar er greinilegt eitt hól, en suðurhlutinn er mun ógreinilegri og þéttgróinn víði. Þar virðist þó vera annað hól, eða niðurgrafin hvilft. Tóftin er um 7x3 m að utanmáli og snýr norður-suður. Nyrðra hólfíð er um 2,5x1,5 að innanmáli. Op er á norðurhlið þess. Hleðsluhæð er um 0,3 m.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

SM-060:062 tóft óþekkt


64°56.116N 14°38.514V

Tóft er fast vestan við þjóðveg innst í Skriðdal, þar sem fyrirhugað vegstæði A mun liggja. Um 30 m sunnan við tóftina er ræsi undir núverandi veg.

Á grónum velli neðan vegar.


Tóftin er um 6x4 m að stærð og snýr norður-suður. Hleðslur eru signar og grónar, um 0,4 m á hæð og ekkert grjót sýnilegt í þeim. Tóftin er tvískipt og er nyrðra hólfíð um 2x2 m að innanmáli en hið syðra um 2x1 m og snýr austur-vestur. Op er á norðurhlið tóftarinnar og innangengt á milli hólfanna tveggja.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar



SM-060:063 tóft óþekkt

64°56.253N 14°38.353V



Tóft er fast vestan við þjóðveginn, nokkru innan við suðurenda Skriðuvatns. Á þessum stað mun fyrirhugað vegstæði A fylgja núverandi þjóðvegi.

Í grónum slakka.

Tóftin er torfhlaðin, hlaupin í þúfur og sigin út. Einn stór jarðfastur steinn er í austurvegg tóftarinnar en glittir einnig í grjót á stöku stað. Hleðsluhæð er um 0,5 m. Tóftin er um 7,5x5 m að utanmáli og greinist í tvö áþekkt hólf. Op er á vesturhlið tóftar og er innangengt á milli hólfanna tveggja. Mögulega er um stekk að ræða.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

SM-060:064 dys óþekkt

64°56.682N 14°38.295V

Grjót dys er rétt sunnan við suðurenda Skriðuvatns, austan við núverandi þjóðveg. Dysin er um 20 m norðan við Forviðará og um 20 m austur af miðlínu A, sem þarna fylgir núverandi vegarstæði.

Á hálfgrónum malarás norðan árinna. Umhverfis er birkiskógur.

Dysin er um 1 m á hæð og um 4x4 m að utanmáli. Hún er ekki fornleg að sjá og grjótið ekki mosagróið. Ekki er vitað hvernig hún er til komin.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

SM-060:065 hleðsla

64°56.693N 14°38.352V

Austan við núverandi þjóðveg innst í Skriðdal, í skógarlundi rétt norður af Forviðará, er hringlaga hleðsla. Hún er um 20 m norðvestur af veglínu A.

Hleðslan er í smá viki í miðjum skógarlundi rétt neðan vegar. Við hana liggja tvær kindagötur en annars er svæðið næst henni gróið grasi og trjám.

Hleðslan er um 1 x 1 m stór og eru sjáanlegir í henni níu steinar, sjö sem mynda hring og tveir inni í henni. Í hleðslunni, undir mosanum sem er í miðjunni, er viðarkolaskán og er því hægt að draga þá ályktun að um eldstæði sé að ræða. Hleðslan er gróin og sokkin, en ekki er þó víst að hún sé gömul.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

SM-060c Þingmúli (Múlaafrétt)

"Austurhluti Múlaafréttar liggur að Stefánsstaðalandi, Djúpárgilsá skiptir löndum milli heimalands og afréttar. Inn af Múlaafrétt eru víðáttumikil urðarsvæði, kölluð Hraun. Þar eru landamerki milli Skriðdalsog Berjufjarðar við vatnaskil. Axará skiptir löndum milli Múlaafréttar og Breiðdalsheiðar og Óxarheiðar og einnig milli Stefánsstaða og Vatnsskóga. Nokkur hluti af Múlaafrétt er talinn með Hátúnum, landamerki þar á milli eru á Háups, þar sem vötn falla til Geitdalsár og Axará. Á Háups eru líka landamerki milli Stefánsstaða og Hátúna." Ö-Stefánsstaðir, 1.

- Engar fornleifar fundust á áhrifasvæði framkvæmda á Múlaafrétt.

SM-062 Stefánstaðir

2 hdr. 1847, hjáleiga Þingmúla. "Býlið byggðist úr Borgarlandi 1830 en "mun hafa verið á ábúð fyrr" Í eyði frá 1902 eða 1903. SJM II, 103.

Túnakort ekki til. "S hafa alltaf verið mjög lélegt kot, töðufengur tæplega kýrfóður og stundum ekki nema hálf, engjar litlar nema sækja langt til fjalla. ... Og í matsgerð 1918 segir: "Túnið, sem áður var lítið og lélegt, nú eyðilagt. Engjar: Af þeim mun mega fá um 60 hesta af riskjuheyi. Engjavegur slæmur og erfiður. Beitoland víðlengt og gott ..." SJM II, 103.

- Engar fornleifar fundust á áhrifasvæði framkvæmda í landi Stefánsstaða.

SM-215 Berufjörður

Kirkjustaður. 30 hdr 1696, 1804. Jarðarinnar getið í Njálu.

Jarðarinnar fyrst getið c. 1200 í kirknaskrá Páls biskups (DI XII 5) [um 1370]: er til máldagi kirkjunnar (DI VIII 10-11) Máldagi 1397: "Olafs kirkia j Bervfirdi a heimaland halftt. þängad liggia ad song oc allri skylldu ij bær aa Berufiardarstrond þeir sem þar eru næster. ... mofærzla j kelledsvkogaland svo mykla sem sa vill er J bervfirdi er: navstgiord og skipsat a þvfvreyre: hvn a hrijs ey oc kijdaholm: laugness holm: kalholm ..." (DI IV 202-203) 1482: Máldagi kirkjunnar (DI VIII, 70-71) [1491 1518]: Máldagi: "Kirkian ad Bervfirde a xxxc j heimalande: oc viijc ad auk: j fasta eign: þar liggur under eirn bær." (DI VII, 3) Máldagi [1491-1518]: "StSancte Olafs kirkia j Bervfirdi: a hlaft heimaland oc xijc jord. jorvijk: og adra jord kieldsvkoga vjc: jtem a kirkian iijc j jordenne Skaala: er sera Sveirn gaf. jtem a kirkian x kyr oc lx asaudar: ij hesta: oc j hross." (DI VII, 32) Máldagi [1491-1518] (DI VII, 33) 1575: Máldagi (DI XV, 694)

Heimajörðin á allan Berufjarðardal utan frá Svarthamarslæk og um miðjan Arnarbólshjalla að sunnan. Urðarteigur, Fossárdalur, Eiríksstaðir og Kelduskógur voru eign kirkjunnar í Berufirði og hafa sennilega skipst úr upphaflegu heimalandi. 1760 voru hjáleigur Stöðull (Innríjhjáleiga) og Kambshjáleiga (Ytríjhjáleiga), 1804 voru Fremri og Ytri- Berufjarðarhjáleigur en 1847 aðeins ein Berufjarðarhjáleiga (SM-216). Önnur afbýli, Hjalli, Árnahús, Ólafssel, Selnes, Selneshjalli (Hjalli) og Guðvarðarstekkur.

Nýbýli eru Lindarbrekka, Hvannabrekka og Melshorn. "Á kirkjunnar 18 varpeyjum og skerjum, fyrir Búlands landi, fengust 1838 800 eggja og 8 hdr. æðardúns." JJ, 386. Oftast var tvíbýli í B, en BI er í eyði en nytjað frá BIII. Ekki getið hvenær BII var stofnað, en það er enn í byggð sem og BIII. Nýbýlið Lindarbrekkar var stofnað úr löndum B og Forrárdals 1948. Hvannabrekka nýbýli úr landi Berufjarðar stofnað 1955. Melshorn nýbýli stofnað 1961.

1847: Tún prestsetursins sem fyrr hirðuleysi er komið í órækt, gefur af sér fóður fyrir 2 kýr og 1 vetrúng, en utan túns fást 100 hestar útheys, og má á prestsetrinu framfæra 3 kýr, 100 ær, 120 sauði, 80 lömb og 4-5 hesta. Heimaland staðarins er mjög skemmt af skriðuhlaupum, en allvíða vaxið lítilfjörlegum skógviði." JJ, 386. 1919: Tún 4,48ha, garðar 1330m². "B var ágæt útigansjörð en engar reytingsamar og snöggar, einnig hlunnindajörð með beitutekju, selveiði og æðarvarp í Selnesólma." SJM III, 400

SM-215:001 Berufjörður bæjarhóll bústaður 64°47.767N 14°29.031V



Gamli bærin 215:001, horft í ANA

Gamla íbúðarhúsið sem nú stendur í Berufirði er byggt 1938 en var endurgert 2007 af Braga Gunnlaugssyni. Á sama stað stóð áður torfbær, en náði þó dálítið norðar en íbúðarhúsið. Nú er sléttað tún norðan við húsið og malarvegur fast sunnan við það.

Húsið stendur á ávölum hól, um 40x30 m stórum og snýr austur-vestur. Það er á tveimur hæðum, með hálfkjallara. Engar tóftir eru á hólum, en við endurbyggingu hússins komu þó í ljós einhverjar hleðslur norðan við það og var þeim leyft að standa.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1919

SM-215:002 heimild um kirkju 64°47.754N 14°29.003V

BERUFJÖRÐUR Í BERUFIRÐI (SM), kirkja helguð Ólafi. Kirkjunnar er fyrst getið kirknaskrá Páls biskups skömmu fyrir 1200; DI XII 5.

[um 1370]: Máld; DI VIII 10-11.

Í máldaga frá 1397 segir: "Olafs kirkia j Bervfirdi a heimaland halft. þängad liggia ad song oc allri skylldu ij bæer aa Berufiardarstrond þeir sem þar eru næster. hvn a messvklædi oc kaleki ij Alltarisklædi: marivskrift: olafs skrift: jarnstikur ij: merki: ljkkakraakur: kluckur ij: sloppur: kantarapak med salvn: og onnur ed Bastar[d]; skjrnar sar oc fontklæde: graduale: sequencivbok: samsett a veturinn: de tempore: ix kyr: lx asavdar; iiij hross eitt gelldfiar kvgillde: vjc j vorv eda virdingarfee: mofærzla j kelldvskogaland svo mykla sem sa vill er J bervfirdi er: navstgiord og skipsat a þvfveyre: hvn a hrijs ey oc kijdaholm: laugness holm: kalholm: gripe: hroarsholm: ædastein: kellingarholm: seglstein: herdibreid: kippislogg. þängad liggur rekis fra naustoft af vtanverdre valvardar skridv. þar skal vera setuprestur oc tekur iiij merkur kaup; Jtem lagdi sira Sturli til kirkivnnar: nytt Alltarisklædi oc Texta spialld. portio Ecclesie næstu v är sijdann Olafur bio halfur xvij eyrer. enn stendur til Reiknings vmm iiij är medann Jon Sturluson bio sem reiknnad var c. vtann þui minna ef hann hefði bætt ad kirkiunni"; DI IV 202-203.

1482: Máld DI VIII 70-71

[1491 1518]: Stephans Kirkian ad Bervfirde a xxxc j heimalande: oc viijc ad auk: j fasta eign: þar liggur under eirn bær. Máld DI VII 31 [AM 263 fol, bl. 9]

[1491-1518]: St

Sancte Olafs kirkia j Bervfirdi: a hlaft heimaland oc xijc jord. Jorvijk: og adra jord kielldvskoga vjc: jtem a kirkian iiijc j jordenne Skaala: er sera Sveirn gaf. Jtem a kirkian x kyr oc lx asadar: ij hesta: oc j hross. Máld DI VII, 32 [AM 263 fol, bl. 10; AM 259 4to, bl. 134; Þsks Bps 2 4to]

[1491-1518]: Berufiordur gamalla maldage [sama og Vilchin] jtem so ordid var ornamentum



Berufjarðarkirkja 215:002, horft í austur

kirkiunnar j Bervfirde þa Steingrijmur jslEIFsson tok vid: enn kodran jonsson afhennnte: psalltare gradall: syngiandi de Sanctis et de tempore: seqvencivbok: gradall a veturinn: samsettur med pistls oc gudzpioll oc oratiur: framan til paaska: hymnabok. Lesbok vm langa fostv: ottvsongva bok: fra jonsmesso: og til Aduentv. Syngianda commun. Brefere: oc vondur kiriall: kananum bok: kantarakapa fostudag [!] og onnur liettari: messv klædi kostvlig: Alltariss brvn gulllogd og fordukar nyer: forn hokull: ij Alltarisklædi. Máld DI VII, 33 [AM 263 fol, bl. 11; Þjsks Bps. A II, 1, bl. 134-35]

1575: Máld DI XV 694

16.11.1907: Berufjarðar og Berunessóknir lagðar undir Hof í Álftafirði; (PP, 29) [lög]. Kirkjan hefur líklega alltaf staðið á sama stað og nú, ASA við bæinn 001.

Sunnan og austan við kirkjugarðinn eru sléttuð tún. Fast norðan við hann liggur malarvegur í austur-vestur, en vestan við garðinn er trjálundur.


Kirkjan sem nú stendur er 5,8x3,9 m að stærð og snýr austur-vestur. Gengið er inn að vestanverðu. Engar greinilegar tóftir eða þústir eru í garðinum umhverfis hana, en hann hefur verið sléttuður. Vegna biskupsheimsóknar árið 2000 var lögð ný stétt framan við kirkjuna og var þá komið niður á eldri stétt við framkvæmdirnar. Kirkjugarðurinn er um 40x18 m að stærð og snýr austur-vestur. Garðurinn var áður minni, en nýlega var hann færður út um 15 m til austurs. Hann er girtur með girðingu.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1919; DI XII 5; DI VIII 10-11; DI IV 202 203; DI VIII 70-71; DI VII 31; DI VII, 32; DI VII, 33; Máld DI XV 694;

SM-215:012 tóft smalakofi

64°48.352N 14°33.674V



Á Beitivallaklifi (klettabeltinu neðan eða austan Beitivalla), um 100 m sunnan núverandi þjóðvegur um Öxi, er smalabyrgi og við það fjögur vörðubrot (eða mögulega refagildrur). Nokkrir stórir og áberandi steinar eða björg eru rétt innan við klettabrúnina og er byrgið hlaðið við þau. Byrgið sjálft er um 140 m norður af miðlínu B, miðja vegu milli veglína A og B og er því látið fylgja skráningunni.

Á grýttri en lynggróinni klöpp.

Byrgið er um 1,7 x 1,3 m að innanmáli og er afar þröngur inngangur í það á suðurhlið. Stór jarðföst björg mynda suður- og norðurhliðar byrgisins. Austur- og vesturhliðar eru bæði úr jarðföstum steinum og hleðslum á milli og yfir. Hæð veggja er mest um 1,6 m þar sem um björg er að ræða, en hleðsluhæð mest um 1 m í vesturvegg. Umför eru allt að fimm. Grjót er einnig í botni byrgisins en það er algróið lyngi. Um 15 m norðan við byrgið og nær klettabrúninni eru þrjár grjóthrúgur. Tvær þeirra eru um 1x1 m að utanmáli og 0,5 m á hæð. Eithvað af grjóti er í kringum þær sem bendir til að um vörðubrot sé að ræða, eða að ekki hafi verið lokið við hleðsluna. Þriðja hrúgan er aðeins nokkrir steinar, tvö umför. Um 40 m norðan við byrgið, uppá næsta klettahnaus, er fjórða grjóthrúgan. Sú er ólík hinum þremur. Þótt hún sé hrúnin má greina að hún er stokklaga og opin að innan og því mögulega leifar refagildru.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

SM-215:014 gata leið

64°47.570N 14°29.586V

"Þegar farið var, gangandi eða ríðandi frá Berufirði suður á bóginn, var lagt á leirurnar niður af bænum, ef stórstraumsfjara var, og komið á þurrt land á Reiðeyri syðra megin við fjörðinn. Síðan var haldið út með firðinum ...,“ segir í ornefnaskrá. Leirur eru innst í firðinum, þar sem hann er grynnstur og myndast þurrar leirur á fjöru. Leiðin lá niður, suður, frá bæ, þar sem nú eru sléttuð tún, og svo vestur með sjó sunnan núverandi túns og yfir fjörðinn á leirunum. Leiðin er í stórhættu vegna veglína X, Y og W.

Meðfram sjónum, milli fjöru og túna, er nú gróin móaspilda.

Leiðin er nú að verulegu leyti horfin í tún, en þó má á um 60 m löngum kafla greina götupaldra meðfram sjónum sunnan túna, suðvestur af Berufjarðarbæ. Þar má mest greina 4-6 paldra sem liggja samsíða í austur-vestur á um 10 m breiðu svæði. Gengt Reiðeyrinni sunnan



Götupaldrar 215:014, horft í NA

fjarðarins sveigja göturnar til suðurs að leirunum, en verða þar afar ógreinilegar og hverfa loks. Handan fjarðarins lá leiðin svo upp Reiðeyrina og út með firðinum. Ekki eru greinilegar götur þar, enda er líklegt að leiðin hafi legið nokkurn veginn á þeim stað sem þjóðvegur liggur nú.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Berufjörður, 1

SM-215:021 *Gamligarður* garðlag óþekkt

64°47.112N 14°29.362V



Gamligarður 215:021,
horft í norður

"Utan við Reiðeyrina er garðbrot, kallað Gamligarður," segir í örnefnaskrá. Gamligarður er austan við Reiðeyrina, innan (vestan) við Yxnahellinn 031, um 100 m fyrir neðan (norðan) veg, en fyrirhugaðar vegabætur munu á þessum slóðum fylgja núverandi vegi.

Garðurinn byrjar rúmlega 30 m fyrir ofan fjöruna og endar ofan í sjó. Syðri endi garðsins er sem sagt á grónu, lágu holti og nyrðri endinn úti í sjó. Fjaran sem garðurinn liggur um er grýtt smásteinafjara.

Garðurinn liggur frá suðri til norðurs og er hann syðst þrjú umfór úr stóru grjóti. Þegar neðar dregur er garðurinn svo einungis eitt eða tvö umfór. Garðurinn er um 32 m langur og gæti verið lengri því ekki er háfjara þegar þessi mæling er gerð. Garðurinn er um 1 m á breidd og 1 m á hæð og eru sumir steinarnir sem hann er hlaðinn úr örugglega tveggja manna tak. Garðurinn er nokkuð samfelldur, en smá rof kemur í hann þegar komið er um 20 m frá syðri endanum.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Berufjörður, 5


SM-215:022 *Hellrar* hellir fjárskýli

64°47.607N 14°32.149V

"Nokkru innar [en Gvöndarlón] eru helliskútar undir neðsta klettabeltinu í Fellinu. Þeir voru stundum notaðir sem fjárskjól og ævinlega kallaðir Hellrar," segir í örnefnaskrá. Hellarnir eru eins og segir undir eða í neðsta klettabeltinu í Fellinu sunnan Berufjarðarár, um 550 m innan við Berufjarðarárbrú. Skammt ofan við háspennulínu, um 100 m suður af miðlínu veglínu C.

Efst í gróinni en grýttri brekku undir hamrabelti.

Tveir fjárhellar eru nefndir í sóknarlýsingu frá 1840 og er annar þeirra sennilega hinn sami og hér um ræðir en hinn sá hinn sami og 029. Hellarnir sem hér eru skráðir eru raunar þrír á um 46 m löngum kafla meðfram hamrabeltinu. Sá vestasti (A) er þeirra mestur og mun vera nefndur Ullarhellir, en þar var ull geymd eftir að fé hafði verið rúíð í réttinni (B) austan hans. Hellirinn er um 9 m djúpur og opið um 5 m breitt en hellirinn mjókkar lítilliga inn á við. Lofthæðin er mest um 2 m. Engin mannaverk eru í eða við hellinn. Um 10 m austan við hellinn er skúti undir hamrabeltinu sem hlaðið hefur verið fyrir og mynduð rétt (B).



Ásta Hermannsdóttir við Ullarhelli
215:022A, horft í suður

Hún er um 10x7 m að innanmáli og slútir hamarinn yfir hana að hluta. Op er á austurhlið. Hleðslur eru úr grjóti og nokkuð signar. Hæð þeirra er mest um 0,8 m og umfór 4. Um 10 m austan við réttina er annar skúti (C) undir hamrinum. Sá er mun lægri en hinn og er lofthæð hvergi meiri en 1 m en

lækkar inn á við. Hlaðið hefur verið fyrir munnann á um 13 m kafla og þannig girt fyrir hann. Hleðslan er úr grjóti og mjög sign. Hún er einföld, um 0,2 m á hæð og víðast aðeins eitt umfar. Op er við vesturenda hleðslunnar.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Berufjörður, 5; SSM, 504





Árnahúsa er getið í eyðibýlaskrá Olavíusar og hafa því verið í eyði 1775-7 er hann var á ferð um landið. "Suður af fossbrúninni [Ástufoss] er Árnahúsatún. Þar var bær, sem hét Árnahús eða Árnahús ..." segir í örnefnaskrá. "Árnahús inn í dalnum sunnar ár, lengi í byggð, en óstöðugt," segir í Sveitum og jörðum í Múlaþingi. Tóftir Árnahúsa eru ofan við Ástufoss, sunnan árinna, fast neðan við klettabelti sem þar liggur í norður-suður. Veglína C liggur þvert yfir bæjarstæðið auk þess sem veglína B liggur skammt norðan við það.

Bæjarstæðið er á grónum velli undir klettabelti, og er heimatúnið klofið í tvennt af á.


Guðrún Sveinbjarnardóttir gerði rannsóknir á tóftunum og segir eftirfarandi í skýrslu hennar: "The farm was placed at a height of about 73 m.a.s.l., approximately half-way up the valley on the southern side of the river. It was occupied on and off at least until the late 19th century, when it had two holdings. The remains of the two dwelling complexes and some outbuildings, all well preserved, are placed on a relatively small area of grassland, just below the fairly steep valley-side. A stream cuts through the homefield area which is bounded by an enclosure bank on the eastern side." Á svæði sem er um 150x90 m að stærð og snýr norður-suður eru tóftir sjö mannvirkja auk túngarðs sem umlykur heimatúnið að hluta. Hér verður hverju

mannvirki lýst og þeim gefinn bókstafur til aðgreiningar. Eins og fram hefur komið eru ummerki tveggja bæjarhóla í túni Árnahúsa og eru þeir sitt hvoru megin árinna sem rennur um túnið. Nyrðri bæjarhóllinn (A) er um 18x10 m að stærð og snýr norður suður. Tóftin er jafn stór hólum, hlaðin úr torfi og grjóti, gróin og sigin. Hún greinist í fjögur hólf og er innangengt á milli þeirra allra. Op er á austurhlið, og virðist hafa verið megininnangangur, en einnig er op á norðurhlið tóftarinnar. Um op á austurhlið tóftar er gengt inn í hólf 1-3. Hólf 1 er til suðurs við innganginn. Það er 3,5x2,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Hólf 2 er norðan við innganginn. Það er 3x2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Hólf 3 er vestan við innganginn og liggur um 2 m langur gangur frá honum að hólfinu. Það er um 3x2,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Úr hólfi 3 liggur um 3 m langur gangur til norðurs að hólfi 4. Það er um 3,5x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Á því er op til norðurs. Hleðsluhæð í tóft A er mest syðst, um 1,5 m, en þar er tóftin niðurgrafin. Sunnan við lækinn er bæjarhóll B. Hann er um 20x10 m að stærð og snýr norður-suður. Hann er ekki eins





glöggur og A, og er suðurhlutinn sérstaklega óljós. Tóftin er jafn stór hólum og greinist í fimm hólf. Hólf 1 og 2 eru nyrst, og er gengið inn í þau um op á austurhlið. Hólf 1 er um 3x1,5 m að stærð og snýr austur-


vestur. Samsíða því er hólf 2, sem er mun ógreinilegra. Það er um 3x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Sunnan við hólf 2 er hólf 3. Gengið er inn í það um op á austurhlið, en milli þess og hólfins er um 4 m langur gangur. Hólfið er um 3,5x1,5 m að stærð og snýr norður-suður. Vestan við hólf 3 er hólf 4. Það er um 4x2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Ekkert greinilegt op er á hólfinu. Sunnan við hólf 3 er hólf 5 og er gengt á milli þeirra. Hólf 5 er um 4x3 m að stærð og er opið til austurs. Sunnan við hólf 5 er óljós þúfnamyndun, en engin greinileg hólf. Tóftin er aðallega úr torfi, en grjót á stöku stað. Hleðsluhæð er mest um 1 m. Umhverfis túnið sunnan- og austanvert er túngarður (C). Garðurinn er um 82 m á lengd og nær frá brekku niður að læk í nokkrum hlykkjum. Garðurinn er hlaðinn torf- og grjóthlaðinn í suðurhluta en úr grjóti að öðru leyti. Í garðinum er meðalstórt og smátt grjót vaxið fléttum og mosa. Breiðastur er garðurinn um 1,5 m og hæstur um 1,3 m, en að mestu aðeins um 0,4 m hár. Garðurinn er ekki greinanlegur vestan megin við lækinn, að frátöldu um 6 m



löngu garðbroti norðvestast í túninu. Nyrst í Árnúsatúni er tóft D. Hún er hlaðin úr torfi og grjóti og er 6x6 m að utanmáli. Hún er einföld, um 3x2 m að innanmáli. Veggirnir eru um 2 m að þykkt þar sem þeir eru þykkastir og hæð þeirra er um 0,8 m. Tóftin snýr frá vestri til austurs og er op á austurhlið. Þúfa er í tóftinni miðri, en undir henni er grjót. Sums staðar sést í grjót í veggjum en annars er tóftin algróin. Norðvestast í túninu er tóft E. Hún er um 13x5 m að utanmáli og snýr austur-vestur. Tóftin er torf- og grjóthlaðin og niðurgráfin að innan en hleðsluhæð er allt að 1,3 m. Tóftin greinist í tvö hólf. Eystra hólfið er um 7x2 m að innanmáli og eru op á suður- og austurhlið þess. Nyrðra hólfið er hringmyndað og um 2 m í þvermál. Austan við tóftina er nokkurt þýfi og gæti hafa verið mannvirki þar. Suðvestan við bæjarhól B, í brekkurótinni undir klettunum eru tóftir F. Tóftirnar eru tvær og eru um 6 m á milli þeirra. Báðar eru torfhlaðnar og grafnar inn í brekkuna að sunnanverðu. Eystra tóftin er um 6x6 m að utanmáli og greinist í tvö hólf. Syðra hólfið er um 3x2 m að stærð og snýr austur-vestur. Op er á norðurhlið þess yfir í nyrðra hólfið, sem er mun ógreinilegra. Það er um 3x1 m að stærð og snýr austur-vestur. Ekkert greinilegt op er á því. Hleðsluhæð er mest um 1 m að innan en 0,5 m að utanverðu. Vestari tóftin er mun signari og fornlegri. Hún er um 6x6 m að stærð og greinist í tvö hólf. Op er á norðurhlið beggja hólfna. Eystra hólfið er um 3x1 m að innanmáli og snýr norður-suður. Vestara hólfið er um



5x1,5 m að innanmáli og snýr einnig norður-suður. Hleðsluhæð er mest um 0,4 m. Tóft G er suðaustast í túninu, í brekkurótinni fast innan við túngarð C. Tóftin er einföld, torf- og grjóthlaðin, og grafin inn í brekkuna að sunnanverðu. Hún er um 6x4 m að utanmáli, og snýr austur-vestur. Innanmál er um 1,5x1,5 m. Op er austast á norðurhlið. Hleðsluhæð er mest um 0,5 m. Syðst í Árnúsatúni, við utanverðan túngarð C, er tóft H. Hún er um 5x2,5 m að utanmáli. Tóftin er einföld, um 1x2 m að innanmáli og snýr suðvestur-norðaustur. Op er á norðausturhlið. Túngarður C myndar vesturvegg tóftarinnar. Í honum er grjót en í öðrum veggjum virðist ekki vera grjót. Þykkt veggjanna er mest um 1,5 m og hæð þeirra um 1 m.



Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ó-Berufjörður, 7; SJM III, 401; ÓÓ II, 144; Guðrún Sveinbjarnardóttir: Farm abandonment, 71-73


SM-215:025 tóftir sel

64°48.441N 14°32.893V

"Fyrir utan Beitivelli er Beitivallaklif. Nokkru utar rennur Selá úr Selgili og fellur í Ástuhyl. Milli Selár og Beitivallaklifs eru Neðri-Selbotnar. Ofan við þá er Selhnaus, nokkuð hár klettur og neðan við hann eru Seltættur. Þar mótast enn fyrir kvíum og fleiri byggingum," segir í örnefnaskrá. Selá rennur í allmiklu gili, Selgili, norðan þjóðveggar. Trébrú er á ánni. Vestan við ána nokkru ofan við þjóðveginn er stakur klettahnaus, nefndur Selhnaus. Undir honum er lítill sléttlendur völlum og á honum seltóftir. Tóftirnar eru um 100 m norður af miðlínu A.

Lítill lækur rennur til suðurs austan við tóftirnar. Í kvosinni umhverfis þær er mjög gróið, m.a. lyngi og birki.

Guðrún Sveinbjarnardóttir gerði rannsókn á staðnum og segir m.a. í lýsingu hennar: "At the depths of 13-16 cm and 49 cm dark layers with bits of coal in them were found, and were interpreted as floor layers. ... Both underly the floor layers and seem to be in situ, suggesting that the site was not occupied until after 1755. The 30 cm of earth between the two floor layers suggests that two occupations phases occurred." Tóftasvæðið er um 34x16 m að stærð og eru á því tvær tóftir. Vestast er seltóftin, um 17x10 m að stærð og greinist í 4 hólf. Nyrsta hólf er stærst, um 7 m langt og um 1 m á breidd og er L-laga. Op er á vesturhlið en einnig er innangengt í næsta hólf sunnan við. Það hólf er um 4x1,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er á suðurhlið þess. Hólfid er hálfullt af grjóthruni, aðallega hellugrjóti sem mögulega hefur verið í refti. Stór hella er einnig við inngang. Austan við þetta hólf eru tvö samsíða hólf og snúa bæði norður-suður. Hið vestara er um 4,5x1 m að innanmáli og er op á suðurhlið þess. Eystra hólfid er 3 x1 m að innanmáli og er op á suðurhlið þess. Öll er tóftin mjög sigin og gróin. Hleðslur eru aðallega úr torfi, en þó glittir í grjóti á stöku stað. Hæð hleðsla er mest um 0,5 m. Við lækinn, um 10 m austan við seltóftina, er kvíatóft. Hún er hlaðin austan undir klettabrún, og myndar kletturinn vesturvegg tóftarinnar. Tóftin er niðurgráfin og grjóthlaðin að innan. Ytri hluti veggja er að einhverju leyti uppbyggður úr torfi, en að hluta náttúrulegur og myndaður við niðurgröftinn. Grjóthleðslurnar eru að mestu hrundar en 2-3 umför standa. Hæð veggja er mest um 1,2 m, en hæð kletsins sem myndar vesturvegg er um 1,5 m. Op er á suðurhlið tóftarinnar.




Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
 Heimildir: Ö-Berufjörður, 10; Guðrún Sveinbjarnardóttir: Shileings, 87

SM-215:030 Hjallur tóftir naust

64°47.630N 14°28.970V

"... í fjörunni og utar með sjónum er Lækjarós. Fyrir utan hann er nafnlaus klettur, en næsti klettur þar fyrir utan heitir Hjallsklettur. Á honum er Hjallur, sem er þó aðeins tótt. Nafnið Hjallur virðist stundum merkja allan klettinn. Innan við klettinn er bátauppsátur og heitir Vör og upp af henni Naust," segir í örnefnaskrá. Hjallsklettur er lítill klettatangi beint framundan kirkjunni 002 og gamla bænum 001 í Berufirði. Tóftir nausts og hjalls eru austan og á Hjallskletti. Á þessum stað eru tvær tillögur um hvernig veglína Y mun liggja, og liggur önnur greinin þvert yfir minjarnar, en hin um 30 m norðan við þær.



Utan við Hjallsklett er Staðareyri og vík með grýttri sandfjöru á milli. Sandfjara er einnig vestan við Hjallsklett, en sléttuð tún norðan hans og heim að bæ.

Minjarnar eru á svæði sem er um 32x22 m og snýr norður-suður. Nyrst er hjallstóft (A). Hún er um 6x4,5 m og snýr austur vestur. Hún er opin bæði til austurs og vesturs. Hleðslur eru úr torfi og grjóti, um 1 m á hæð og 3 umför. Um 5 m suðvestan við tóft A er naust (B). Það er um 10x8 m að utanmáli, um 9x5 m að innanmáli og snýr norður suður. Naustið er hlaðið upp við klettinn og niðurgráfið að austanverðu en upphlaðið að norðan og vestan. Hleðslur eru úr torfi og grjóti, allt að 1,5 m á hæð og 5 umför. Naustið er opið til suðurs að vörinni (C). Samkvæmt Braga Gunnlaugssyni, heimildamanni, fauk naustið í aftakaveðri

1953 og stóð þá aðeins tóftin eftir. Vörin (C) er beint framundan naustinu á milli Hjallskletts, sem myndar skjól að austan, og lægri klettarana að vestan. Á milli þeirra eru um 6 m og hefur allt grjót verið hreinsað úr fjörunni.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Berufjörður, 15

SM-215:031 *Yxnahellir* örnefni

64°47.063N 14°29.221V

Yxnahellir er við sjóinn, um 80 m neðan (norðan) við þjóðveginn út að Lindarbrekku, á mótis við ystu túnin í Berufirði. Nafnið bendir til þess að þar hafi verið hafðir nautgripir. Fyrirhugaðar vegarbætur munu á þessum slóðum fylgja núverandi vegi.

Op hellisins stendur í norður og er endi þess ofan í fjöru þar sem örstutt er í sjó. Fjaran er smásteinafjara þó nokkuð sé um stærri steina.

Yxnahellir er um 7 m breiður, 12 m djúpur og 6 m hár. Loft er einungis yfir um 3 m á dýptina og 5 m á breiddina, en hefur án efa náð mun lengra þar sem mikið er um grjót í brekkunni sem hefur myndast í honum. Brekka þessi er vel gróin grasi, ljónslappa og fleiri jurtum. Hún er nokkuð há og veldur hún því að mesta lofthæð nú er einungis um 1,7 m. Nokkuð af grjóti er í brekkunni þó hún sé gróin og er mikið af því örugglega til komið vegna hruns úr loftinu. Vatn seytlar í gegnum bergið innst í hellinum. Engin mannaverk eru á hellinum.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar



Yxnahellir 215:031, horft í suður

SM-215:032 garðlag óþekkt

64°47.508N 14°30.852V

Við árósa Berufjarðarár er lítil tjörn, sunnan við ána. Frá vesturbakka tjarnarinnar liggur garðlag, torfhlaðið, í sveig. Veglína X mun liggja yfir leirsker í botni fjarðarins við tjörnina. Garðlagið er einnig innan hættumarka vegna veglína A, B, C, Y og Hringvegjar um sunnanverðan fjörðinn.

Umhverfis er gróið og þýft upp undir þjóðveg.

Garðlagið er tæplega 100 m langt og liggur í sveig. Breiðast er það um 0,7 m og mest 0,5 m á hæð, en víðast lægra. Garðlagið er mjög greinilegt en ekki sérlega fornlegt. Stungið virðist hafa verið niður með syðri hlið þess og eru þar sums staðar djúpar holur.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

SM-215:033 garðlag vörslugarður

64°47.629N 14°29.042V



Vörslugarður 215:033, horft í SV

"Suður af Hjallskletti [030] er lítið sker, sem flæðir yfir og heitir kerling, en innar er Selasteinn einnig í sjó. Selasteinninn er endi á vörslugarði, sem lá inn fyrir neðan tún og upp fyrir innan það og sést móta fyrir honum hér og þar allt upp undir Krosslækjarfoss," segir í örnefnaskrá. Garðbrot er í fjörunni neðan túna í Berufirði og stafar stórhætta af veglína Y.

Það sem greinanlegt er af garðinum liggur frá fjöru og út í sjó. U 20 m austan við garðinn, þar sem hann er stórgrýttastur, er vör og upp af henni naust 030. Fjaran er sandfjara en þó einnig nokkuð grýtt.

Suðausturendi garðsins, sá hluti sem greinanlegur er, liggur úr fjöru og niður í sjó. Garðurinn liggur í sveig og endar á Selasteini, en er vart greinanlegur á háflóði. Um 20 m innan við Selasteininn verður garðurinn stórgrýttari. Þar liggur sveigur af stóru grjóti upp við hann, mögulega hrun úr garðinum. Garðurinn endar svo í fjörunni. Hann virðist um 40 m á lengd (sést ekki nógu vel þar sem hluti hans er undir sjó), 1 m á breidd og hæstu steinar um 70-80 cm háir. Garðurinn hefur nú að mestu verið jafnaður út en samkvæmt heimildarmanni lá garðurinn með sjó en sveigði svo upp fyrir veg í heimatúnsjaðri. Grjót var tekið úr honum þegar hlaðin var rétt í landi Berufjarðar, vestan við bæinn.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Berufjörður, 15


SM-215:034 Grjótstökkabotn tóft stekkur

64°47.570N 14°28.245V

"Upp af Staðareyri eru Hólar og ná langt upp fyrir veg. Þetta eru melhólar að nokkru grónir. Sá neðsti er nú kallaður Neðsti-hóll en hét áður Staðarhöfði. Efra megin á honum er Urð og fyrir ofan hana er Grjótstökkabotn. Í honum eru gamlar stekkjartættur hlaðnar úr grjóti en annars er hann grasvaxinn," segir í örnefnaskrá. Stekkurinn er í gróinni hvilft norðan við Neðsta-hól, fast vestan við landamerkjagirðingu milli Berufjarðar og Hvannabrekku. Stekknum stafar hætta af veglínu Y og mögulegri efnisnámu Q.

Við jarðfasta steina í gróinni hvilft.

Stekkurinn er um 8x8 m að utanmáli og er hlaðinn upp við þrjú klettadranga sem mynda hluta af norður- og suðurhlíðum. Hleðslur eru úr grjóti, um 0,5 á breidd og 0,5 m á hæð. Stekkurinn greinist í þrjú hólf. Syðsta hólfíð er í raun inngangur í mannvirkíð, um 5x3 m að innanmáli og opið til austurs. Hin hólfín tvö eru samhliða í norðurhluta mannvirkisins. Eystra hólfíð er um 4x4 m að innanmáli, en vestra hólfíð um 3x1 m. Greinileg op eru ekki á þessum hólfum. Um 4 m austan við stekkin er dálítill gróinn hóll eða stallur. Á honum eru klettur og myndast lítið skjól á milli þeirra, opið til vesturs að stekknunum. Nokkrir lausir steinar eru upp við klettana og benda til þess að hlaðið hafi verið á milli þeirra til þess að auka skjólið. Þarna hefði verið góður áningarstaður við yfirsetu.




Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Berufjörður, 16

SM-215:035 tóft mylla

64°47.694N 14°29.106V



"Neðarlega við lækinn er Myllutóft." segir í örnefnaskrá. Tóftin er við bæjarlækinn í túninu neðan (sunnan) við bæinn. Tóftinni stafar stórhætta af veglínu W en er einnig innan hættumarka vegna veglínu og nýrrar heimreiðar að Berufirði.

Myllutóftin er rétt neðan við bæinn á litlu nesi eða eyju við bæjarlækinn. Hægt væri að kalla þetta eyju þar sem lítil lækjarspræna sker svæðið frá túninu vestan vegin. Þetta nes er 13 m breitt og 20 m langt. Lækurinn er 2 m á breidd þar sem hann er breiðastur og nokkuð grýttur. Vestan við nesið eru slegin tún og einnig austan við lækinn.

Tóftin er norðarlega á miðju neginu. Op er á tóftinni til austurs og er það um 1 m breitt. Tóftin er um 3 m breið, 5 m löng og um 1 m á hæð þar sem hún er hæst. Á stöku stað sést í grjót. Tóftin snýr frá austri til vesturs og rennur bæjarlækurinn allt í kring um nesið sem hún stendur á, nema til vesturs þar sem einungis lítil spræna rennur, og er hún að hluta til undir grasinu.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Berufjörður, 16

SM-215:036 heimild um mógrafir

64°47.726N 14°29.011V

"Fyrir utan Fitina eru Mógrafir. Nefnið helzt, þó að nú sé búið að fylla þær upp," segir í örnefnaskrá. Kirkjugarður 002 er sunnan við gamla bæinn 001, en sunnan kirkjugarðsins eru sléttuð tún sem hallar til suðurs. Þar neðan við garðinn voru mógrafir, sem nú hafa verið fylltar. Mógrafirnar eru innan hættumarka vegna veglínu W og nýrrar heimreiðar að Berufirði.

Í sléttuðu túni.

Ekki sést til mógrafanna, þar sem búið er að fylla upp í þær og gera svæðið að sléttuðu túni.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir:Ö-Berufjörður, 16

SM-215:045 *Draugatættur* heimild um heygarð 64°47.775N 14°29.065V

"Innan við bæinn eru Draugatættur," segir í örnefnaskrá. Draugatættur voru austan við bæjarlækinn innan, eða VNV við gamla bæinn 001. Þær voru norðan við Nönnusafn sem nú stendur austan við gamla bæjarhúsið. Staðurinn er innan hættumarka vegna nýrrar heimreiðar að Berufirði.

Þar er nú sléttað tún.

"Sú sögn er um þær að prestarnir í Berufirði og Valþjófsstað voru ósáttir og vöktu upp sinn drauginn hvor og sendi hvor öðrum. Þeir mættust á miðri leið, Valþjófsstaðadraugurinn hefur víst verið magnaðri, því að hann hrakti hinn til baka. Eitthvað hefur hinn samt reynt að verjast því að þeir voru að fljúgast á fyrir innan bæinn þegar prestur kom út. Þar kvað hann þá niður og hefur ekki spurst til þeirra síðan." Tóftin sjálf var eftir heygarð, en eftir að hætt var að kasta heyjum í hana var hún notuð sem sáðgarður. Ekki sést til fornleifar.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir:Ö-Berufjörður, 18

SM-215:051 *Beruhóll* þjóðsaga legstaður 64°47.694N 14°28.841V

"Neðarlega í fjalli er Sótabotn í leiðinni, en Sóti var eiginmaður Beru, sem jörðin og fjörðurinn draga nafn af í þjóðsagnafræðum. Þau hjón urði ásamt fleira fólki úti í galdrahlíð sem á þau var mögnuð á Öxi en þau



Beruhóll 215:051, horft í austur

héldu heim í B úr veislu á Héraði. Sóti hrapaði fyrir björg niður í botninn, samferðafólkið var til á Mannabeinahjalla í Kjalfelli, en Bera hálsbrotnaði, er reiðskjóti hennar stakk sér beint í hesthúsið, áður en hún kæmist af baki. Hún var molduð á staðnum, og heitir þar síðan Beruhóll," segir í Sveitum og jörðum í Múlaþingi. Hóllinn er í túnjaðri um 200 m suðaustan við bæinn 001. Hólnum stafar stórhætta af veglínu W en hann er einnig um 90 m norðan við veglínu Y. Hóllinn er einungis örfáa metra frá sjó (til suðurs) og eru sléttuð tún vestan, austan og norðan við hann.

Hóllinn stendur mjög greinilega upp úr túnunum í kring og er um 14 m á hæð, 58 m á lengd og 27 m á breidd. Hóllinn er algróinn og þýfður en steinar standa upp úr á stöku stað,

líklegast hafa þeir verið settir þar þegar túnin voru grjóthreinsuð. Einstaka rofabarð hefur myndast í hólinn, líklegast vegna ágangs sauðfjár. Hæsti punktur er á hólnum norðaustanverðum. Engin mannaverk eru greinanleg á hólnum.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir:SJM III, 400

SM-215:053 varða landamerki 64°47.535N 14°28.316V

Á landamerkjum Berufjarðar og Hvannabrekku eru þrjár hálfgrónir malarhólar. Syðst á toppi neðsta hólsins er varða. Hún er um 100 m norður af veglínu Y og W.

Grjóturð er á toppi hólsins en gróið næst vörðunni.

Varðan er að mestu fallin. Grunnflötur hennar er um 1 m í þvermál og hæð um 0,5 m.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

SM-215:054 garðlag óþekkt 64°47.343N 14°27.233V

Hlaðinn garður er um 1.6 km austur af bæ 001, fast við fjöruborð í líttilli vík. Garðurinn er um 30 m sunnan við veglínu Y en er einnig í stórhættu vegna veglínu Z.

Garðurinn er um 15 m vestur af efsta hluta fjöru við vík og fast norðan og vestan við hann eru tún.

Garðurinn liggur frá norðaustri til suðvesturs og er um 1 m á breidd, 22 m á lengd og hálfur metri á hæð.

Garðurinn er gróinn en sums staðar sést í grjót. Ekki sést þó hvort garðurinn sé vandlega hlaðinn eða hvort grjót hafi einungis verið sett í flanga hrúgu til að mynda einhverskonar garð.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

SM-215:055 gerði óþekkt


64°47.662N 14°29.278V

Fast vestan við sléttuð tún niður undan bæ 001, vestan við bæjarlækinn, er gróinn klettahóll. Við klettinn er grjóthlaðið aðhald og garðbrot. Mannvirkjunum stafar stórhætta af veglínu W, Y og X.

Í túnjaðri, fast innan túngirðingar.

Garðbrotið liggur í norður-suður, með klettinum vestanverðum, og er um 40 m langt. Það er hlaðið úr stóru grjóti en hleðslan er að mestu fallin og gróin í svörð. Mögulega er garðbrot þetta hluti af vörslugarði 033. Sunnan undir klettinum er grjóthlaðið aðhald við garðinn að austanverðu, og myndar garðbrotið þannig vesturhlið þess og kletturinn norðurhlið. Utanmál aðhaldsins er um 14x8 m og hallar því nokkuð til suðurs. Hleðslur eru úr grjóti, fremur stóru í austur- og vesturhliðum, en smærri í suðurhlið. Ekkert greinilegt op er á tóftinni, en hefur mögulega verið í norðausturhorni, við klettinn. Hleðslur eru fallnar og grónar og hæð þeirra um 0,5 m.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar



SM-215:056 varða óþekkt

64°46.926N 14°28.930V

Norðan við þjóðveg sunnan megin í firðinum er klettur sem gengur úr fjöru að þjóðvegi. Á klettinum, um 5 m norðan vegarins, er vörðubrot. Fyrirhugaðar vegabætur munu á þessum slóðum fylgja núverandi vegarstæði.

Vörðubrotið er yst á kletti og er þverhnipt niður norðan megin. Kletturinn er gróinn að ofan með mosa og móagróðri en þó kemur mikil mold og mól og einstaka steinn upp úr gróðrinum.

Varðan er um 0,8 m á hæð og er um 1,5 m í þvermál. Hún er að einhverju leyti gróin með fléttum og mosa. Frekar stórir steinar hafa verið notaðir til að hlaða þessa vörðu, einn steinninn er til dæmis um 0,8 x 0,3 x 0,2 m.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

SM-215:057 hleðsla óþekkt

64°46.966N 14°28.926V

Norðan við þjóðveg sunnan megin í firðinum er stór klettur sem gengur úr fjöru að þjóðvegi. Á klettinum er vörðubrot 056 en við rætur hans eru hleðslur. Fyrirhugaðar vegabætur munu á þessum slóðum fylgja núverandi vegi.

Hleðslurnar eru við klöpp í fjöru og er þari alveg upp fyrir þær báðar sem þýðir að í hæstu flóðum fellur upp fyrir þær. Fjaran er sand- eða smásteinafjara en þí er nokkuð um grjót og þara í henni. Þétt upp við klöppina sem hleðslurnar standa við er núverandi vegur.

Hleðslurnar eru úr grjóti og eru tvær. Steinarnir eru nokkuð misjafnir en þó flestir nokkuð stórir. Hleðslurnar liggja frá norðri til suðurs og frá suðaustri til vesturs í nokkurskonar boga. Hleðslurnar tengjast ekki en gætu hafa gert það þar sem á milli suðurenda ytri hleðslunnar og suðausturenda innri hleðslunnar er grjóthrúga. Ytri hleðslan er hæst um 1,4 m, um 3 m á breidd og um 16 m á lengd og nær þannig út í sjó á flóði. Hleðslan lækkar mjög um 5 m frá klettinum. Innri hleðslan er hlaðin ofan á klöpp er er um 3 m á lengd, 1,4 m á hæð og 0,5 m á breidd. Báðum megin við klöppina í suðaustur og vestur eru grjóthrúgur sem gætu hafa verið hleðslur. Við báðar hleðslurnar eru hellisskútar, austan við ytri hleðsluna og sunnan við innri hleðsluna. Þarna gæti hafa verið fjárskýli fyrir fé sem beitt var í fjöru.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar




Hleðsla 215:057, horft í NA

SM-215:058 tóft óþekkt

64°46.486N 14°28.015V

Tóft er um 60 m neðan (norðan) við þjóðveg í sunnanverðum firðinum, skammt norðvestan Lindarbrekku. Slitlag endar á þjóðveginum sunnan tóftarinnar. Fyrirhugaðar vegabætur munu á þessum slóðum fylgja núverandi vegi.

Tóftin er á grasbletti þar sem nokkuð er um stórgryti. Svæði þetta er þýft



og gróið. Norðan og norðaustan við það eru sléttuð tún.

Tóftin er tvískipt, um 4x4 m að utanmáli. Syðra hólfíð er um 1x2 m að innanmáli og snýr austur vestur. Op er á vesturhlið þess. Hólfíð er niðurgrafið, um 0,5 m á dýpt. Talsvert er af grjóti gróið í svörð innan hólfinsins. Syðra hólfíð er mun grynna, um 0,3 m á dýpt. Það er um 2x3 m á að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er á austurhlið þess og stór steinn fast innan við opið.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

SM-215:059 garðlag óþekkt

64°47.063N 14°29.593V



Garðlag 215:059, horft í norður

Garðlag er í hliðinni ofan (sunnan) við núverandi þjóðveg í sunnanverðum firðinum, austan við Reiðeyrina. Garðlaginu stafar stórhætta af vegagerð við Hringveg um sunnanverðan fjörðinn en er einnig innan hættumarka veglínu Z.

Í gróinni en grýttri hlið.

Garðlagið er grjóthlaðið en hleðslur eru alveg fallnar út og sokknar. Þykkur mosi liggja yfir þeim að hluta. Garðlagið er um 40 m langt og liggur í norður-suður. Efri endi þess nær svo til upp undir raflínuna sem er í hliðinni. Breidd hleðslanna er um 1 m og hæð um 0,1 m. Mögulega getur verið um náttúrumyndun að ræða, t.d. fornan uppróinn lækjarfarveg.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

SM-215:060 tóft óþekkt


64°48.034N 14°34.168V

Sunnan Berufjarðarár, sunnan við Beitivelli, eru ræstir túnskikar á tveimur hjöllum og klettaklif á milli. Við austurenda efri túnskikans er dálítill klettastallur og utaní honum er tóft. Tóftin er í veglínu C.

Umhverfis tóftina er gróinn völlum og lækjarsytra fast austan við hana.

Tóftin er mjög sigin út og mosagróin og er mögulegt að um náttúrumyndun sé að ræða. Hún er torfhlaðin, þótt eitthvað grjót virðist gróið niður í svörðinn. Hún er hlaðin undir klettinn, sem myndar vesturvegg hennar að hluta. Hún er um 7x1,5 m að innanmáli og snýr nokkurn veginn norður-suður. Op er á norðurhlið. Hæð hleðslna er mest um 0,5 m að innan, en tóftin er nokkuð niðurgrafin.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar



SM-215:061 hleðsla óþekkt

64°48.164N 14°33.471V


Í um 100 m hæð y.s. liggur núverandi þjóðvegur eftir sléttum og grónum völlum milli klettaklifa norðan Berufjarðarár. Vellir þessir heita Beitivellir og Beitivallaklif heitir hamrabeltið neðan þeirra. Á Beitivallaklifi, sunnan ár, um 100 m sunnan við Folaldafoss, er hleðsla á klettabrúninni. Hleðslan er í veglínu B.

Á mosagróinni klettabrún.

Hleðslan er gróin mosa og skófum. Hún er U-laga, opin til norðvesturs. Hún er hlaðin úr misstóru grjóti, mest 2 umför. Utanmál hennar er um 1,5x1 m og snýr austur-vestur. Ekkert grjóthrun er umhverfis hleðsluna.


Önnur áþekkt hleðsla 062 er um 50 m sunnar á klettabrúninni. Tilgangur hleðslunnar er óþekktur en mögulega er þetta varða sem aldrei var kláruð. Annar möguleiki er að um refagildru sé að ræða, en fé var beitt á völlumunum.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar



SM-215:062 hleðsla óþekkt

64°48.138N 14°33.456V



Á stalli ofan við Berufjarðará, þar sem hún rennur neðan við Beitivelli, er hleðsla. Hún er í línu við hleðslu 061, um 15 m suðaustan við hana. Hleðslan er vestarlega á stallinum. Hún er um 28 m vestur af veglínu B. Hleðslan er á klapparholti ofan við Berufjarðará. Klapparholtið er nokkuð gróið mosa og lyngi en þó grýtt. Hvalbök standa upp úr holtinu víða. Hleðslan er lág og stokklaga. Hún er um 1,2 m á lengd, 0,5 m á breidd og 0,3 m á hæð, en ekkert greinilegt op er á henni. Mest er hleðslan tvö umför. Hugsanlega hefur hún þjónað tilgangi refagildru.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

SM-215:063 varða óþekkt

64°47.727N 14°32.470V

Varða er á malarás sunnan Berufjarðará, um 1 km innan við Berufjarðarábrú. Hún er rétt neðan við háspennulínuna sem liggur austur-vestur inn dalinn. Varðan er um 20 m norður af veglínu C.

Á hálfgrónum malarás.

Varðan er heldur sigin og e.t.v. nær að tala um grjótdys. Hún er um 1,5x1,5 m að stærð og um 0,7 m á hæð. Hún er nokkuð fornleg því steinar eru grónir mosa og skófum.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

SM-215:064 varða óþekkt

64°48.320N 14°33.392V

Rétt neðan við áningarstaðinn við Folaldafoss, fast sunnan við veginn, er vörðubrot. Varðan er vestan megin á grjótholti og er um 100 m suðvestur af veglínu A.

Varðan er á grjótholti sem er lítið gróið. Vestan, sunnan og austan við holtið liggur gamli jeppavegurinn en nýrri vegurinn við holtið norðanvert. Vestan megin við holtið er fallega gróið holt.

Varðan er um 1 m í þvermál í grunninn og um 0,5 m há. Varðan er ekki gróin fléttum né mosa og gæti þess vegna verið nýleg. Varðan er aðallega hlaðin úr frekar smáum steinum en þó eru nokkrur stærri inn á milli. Varðan stendur á holti, eins og áður sagði, í halla.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

SM-215:065 varða samgöngubót

64°48.726N 14°36.304V

Varða stendur á gróinni klettasnos neðan við eina af efstu beygjum á núverandi þjóðvegi. Líklega er hún á gömlu leiðinni yfir Öxi 691:002, sem lá nokkurn veginn eins og þjóðvegur nú. Varðan er innan stórhættumarka vegna veglína A og B.

Á grónu klettanefi.

Grunnflötur vörðunnar er um 1,5x1,5 m að stærð. Hún er toppmynduð, um 1,2 m á hæð og stendur.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

SM-215:066 varða samgöngubót

64°48.677N 14°36.633V

Ofarlega í beygjuni í Hænubrekku, fast vinstra megin við veginn þegar upp er komið, er varða. Hún er um 20 m norðaustur af veglínu A.

Varðan er á kletti á grýttu holti sem þó er nokkuð mosagróið. Núverandi vegur er um 25 m norðvestur af vörðunni og austan við hana er nokkur bratti.

Varðan er um 1 x 1 m að grunnmáli og um 1,2 m á hæð. Hún er nokkuð gróin fléttum og eru sumir steinarnir í henni án efa tveggja manna tak.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

SM-215:067 varða óþekkt


64°48.713N 14°36.767V

Varða er á efstu klettabrún, þar sem fyrst fæst útsýn yfir Berufjörðinn á leið austur Öxi. Varðan er innan stórhættumarka vegna veglína A og B.

Á klettabrún fast sunnan við núverandi þjóðveg.

Varðan er smá og fremur ungleg að sjá og má vera að um "ferðamannavörðu" sé að ræða. Hún er um 0,5x0,5 m að stærð og 0,4 m á hæð.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar



Varða 215:066, horft í austur

SM-215:068 varða samgöngubót

64°48.738N 14°36.900V

Varða er á grónum kletthól fast norðan við núverandi þjóðveg. Hún er líklega á gömlu leiðinni yfir Öxi 691:002 sem lá nokkurn veginn eins og þjóðvegur nú. Varðan er innan stórhættumarka vegna veglína A og B.

Á grónum kletthól.

Grunnflötur vörðunnar er um 1x1 m að stærð. Hún er topphlaðin úr fremur stóru grjóti og um 0,8 m á hæð.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

SM-215:069 varða samgöngubót


64°48.796N 14°37.252V

Varða er rétt við núverandi veg, þar sem komið er inn í krappa beygju áður en komið er að Háubrekku á uppleið. Hún er um 20 m norður af veglínu A.

Varðan stendur neðarlega á grýttu klapparholti. Holtið er að hluta gróið mosa. Um 15 m suðvestan og vestan við vörðuna liggur núverandi vegur.

Varðan er um 1,5 m á lengd, 1,2 m á breidd í grunninn og 1,5 m á hæð. Hún er formfalleg á að líta og nokkuð gróin fléttum og smá mosa. Neðstu steinarnir eru mjög stórir en steinarnir fara svo minnkandi þegar ofar dregur.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar



Varða 215:070, horft í A

SM-215:070 varða samgöngubót

64°48.820N 14°37.222V

Varða er á stórum steini norðan við núverandi þjóðveg, í slakkanum neðan við sæluhúsið efst í brekkunum, um 50 m norðan við vörðu 069. Varðan er líklega á gömlu leiðinni 691:002 sem lá nokkurn veginn eins og þjóðvegur nú. Varðan er um 50 m norður af veglínu A, en er einnig innan hættumarka vegna veglína B.

Varðan er reist á stórum, stökum steini á mosagróinni klöpp.

Steinninn er um 1,4 m á hæð, en varðan sjálf aðeins 3 umföng og um 0,4 m á hæð. Hún er um 0,4 í þvermál.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar


SM-215:071 tóft fjárhús

64°47.601N 14°28.337V

Grjóthlaðin tóft er í gróinni lægð uppi á malarhól nærri landamerkjum Hvannabrekku og Berufjarðar, um 650 m austur af bæ 001. Samkvæmt heimildamanni, Braga Gunnlaugssyni, var þar fjárhús. Tóftin er innan hættumarka vegna veglína Y og W og vegna mögulegs malarnáms Q.

Í gróinni en grýttri lægð uppi á háum malarhól, austan við sléttuð tún. Í lægðinni eru tveir strýtumyndaðir klettar og er tóftin við þá og hlaðin utan í annan þeirra. Tóftin er grjóthlaðin og myndar kletturinn norðurvegg tóftarinnar. Hún er einföld, um 8x6 m að utanmáli. Op er á suðurhlið, við suðausturhorn. Hleðslur eru fallnar og brotin um 0,2 m á hæð og 1,5 m á breidd. Um 1 m sunnan við miðja tóftina er hringmynduð grjóthruða, um 3 m í þvermál, og virðist vera samfallið byrgi eða annað mannvirki. Ekki vottar fyrir hlöðu, jötu eða gördum.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar



SM-691 Fornleifar á fleiri en einni jörð

SM-691:001 heimild um leið

"Um fjallskörðin lágu áður fjölfarnar leiðir til Breiðdals. Pósteiðin var um Berufjarðarskarð, og má þar enn sjá furðu mikil merki þess, að reynt hafi verið að gera hestfótum götuna greiðari." Segir í Sveitum og jörðum í Múlaþingi. Leiðin liggur innan áhrifasvæðis veglína A, B, X, Y og W, auk Hringvegs um sunnanverðan fjörðinn.

SSM: "Alfaravegur liggur hér þvert um Berufjarðardalinn fyrir innan fjarðarbotn og út með að sunnan að Hálsi í Hálsaþinghá eða út í Berufjarðarkaupstað og liggur sá vestur frá Berufjarðarskarði, sem er hér upp af bænum og liggur til Breiðadals, hér um 1/4 míla [talið lengri leið] að lengd; er Berufjörður næsti bær að sunnanverðu en Flaga að norðan; vegurinn er bæði ruddur og varðaður." Berufjarðarskarð heitir skarðið ofan við bæinn Berufjörð og lá leiðin þar niður hlíðina, inn fyrir fjarðarbotn og svo út með firðinum sunnanverðum. Götur eða slóða er hvergi að sjá á láglandi, en þær má greina ofar í hlíðinni og skarðinu. Á láglandinu eru þær líklega m.a. horfnar í sléttuð tún og undir veg.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: SJM III, 362; SSM, 508

SM-691:002 Öxl heimild um leið

64°55.994N 14°38.482V

"Axarvegur liggur upp úr dalbotninum upp bratta kletthjalla og brekkur. Hæstur er hjallinn upp af Vagnbrekku og þar er brattastur jeppavegurinn, sem ruddur var var yfir þessa gömlu alfaraleiði nú á sjötta áratugi aldarinnar. Áður lá kaupstaðaleið þeirra Héraðsmanna sem á Djúpavogi versluðu, um Öxi og þar lagði leið sína forðum Hrafnkell Freysgoði, er hann fór sneypuförina á Þingvöll eftir dráp Einars smala þjóðleið frá upphafi landsbyggðar," segir í Sveitum og jörðum í Múlaþingi. "Skarðið, sem er fyrir innan [Flögutind og Grýlutind] heitir Berufjarðarskarð. Um það lá þjóðleiðin og var býsna fjölfarin fram að bílaöldinni."..."Úr Berufjarðardal liggur gamall vegur - nú að nokkru endurbættur - yfir í Skriðdal. Það er kallað að fara Öxi, Axarveg eða jafnvel Axarheiði áður fyrr. Þegar Héraðsmenn fóru kaupstaðarferðir á Djúpavog fóru þeir Öxi. En af Axarvegi lágu götur upp Merkjahrygg, yfir mjótt sund í Ódáðavötnum, síðan um Búðatungur, Hornbrynjuhlakka og ofan í Fljótsdal. Þessa leið fóru Fljótsdælingar. Enn má sjá gömlu göturnar upp Merkjahrygginn og nú hefur verið ruddur vegur upp hrygginn vegna stíflugerðar í Ódáðavötnum." Gamla leiðin yfir Öxi lá nokkurn veginn eins og akvegur liggur nú, úr botni Berufjarðar yfir Öxi og í Skriðdal. Þeir sem fóru milli Berufjarðar og Fljótsdals fylgdu leiðinni hins vegar að þeim stað þar sem nú er afleggjari að Ódáðavötnum og héldu þá til vesturs yfir heiðina, eins og kemur fram hér að framan.

Vegurinn liggur í gríðarlegum bratta utan í kletthjöllum Berufjarðar megin. Þegar upp á heiðina er komið liggur hann í hlykkjum og hæðum um ógróna og blásna mela. Það byrjar að lækka undan nokkurn veginn við slóðann að Ódáðavötnum á háheiðinni, en hæstur er vegurinn í um 530 m.h.y.s. Ef haldið er til vesturs við Ódáðavatnaveg, yfir í Fljótsdal, hækkar vegurinn enn frekar til vesturs áður en byrjar að lækka undan. Eftir því sem norðar kemur á heiðinni verður gróðurinn einnig meiri og taka við gróin holt og móar beggja vegna núverandi vegar.

Mikill fjöldi varða er við eða nærri akveginum á heiðinni milli Berufjarðar og Skriðdals. Margar þeirra hafa eflaust varðað gömlu leiðina. Þó er áberandi hvað vörðunum fækkar á nyrðri hluta heiðinnar, og eru nær engar vörður á alnyrsta hluta leiðarinnar. Ekki fundust þó ummerki um götur eða paldra á leiðinni.

Leiðinni stafar stórhætta af veglínunum A, B, C og D.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: SJM III, 400; Ö-Berufjörður, 1, 8-9

SM-691:003 heimild um leið

"Auk þessara leiða lá innansveitavegurinn um hlað. Er B[erufjörður] því á krossgötum." Segir í Sveitum og jörðum í Múlaþingi. Hluti gamla innansveitavegarins er enn til staðar í Berufirði og liggur austur-vestur milli kirkjunnar 002 og gamla bæjarins 001. Hann liggur af hlaðinu og austur á túnin en endar nú þar. Einbreiður malarvegur.

Vegurinn er innan áhrifasvæðis vegna nýrra heimreiða að Berufirði og Hvannabrekku, og vegna veglínu W.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: SJM III, 400

5. SAMANTEKT – FORNLEIFAR Í HÆTTU Á FRAMKVÆMDASVÆÐI VEGAGERÐAR

Minjar voru skráðar á 200 m breiðu belti um hverja veglínu, þar sem viðkomandi veglína er miðás beltisins. Við skráninguna var lagt mat á hættu hvers minjastaðar í ljósi fyrirbyggjandi upplýsinga um legu veglína. Hættustuðlarnir eru þrír: „Engin hætta“, „Hætta“ eða „Stórhætta“. Þær minjar sem eru innan við 50 m frá miðlínu vegstæðis eru metnar **í stórhættu** vegna framkvæmdanna. Þær minjar sem eru í 50-100 m fjarlægð frá miðlínu vegstæðis eru metnar **í hættu**. Minjar á svæðinu sem ekki töldust í sýnilegri hættu vegna framkvæmdanna eru ekki tilgreindar hér.

Alls voru skráðir **64** minjastaðir við vettvangsathugun á áhrifasvæði fyrirhugaðra framkvæmda. Í langflestum tilvikum er um að ræða sýnilegar minjar, en í nokkrum tilvikum er um heimildir um horfna minjastaði að ræða. Þær minjar eru þó einnig skráðar enda geta ummerki þeirra komið í ljós við jarðrask eins og vegagerð. Minjarnar voru ýmist metnar í hættu eða stórhættu, en hafa ber í huga að sumar minjanna eru í hættu/stórhættu vegna fleiri en einnar veglínu og eru því taldar oftast en einu sinni í töflunum hér að neðan.

Í mörgum tilfellum er ljóst að minjar verði fyrir röskun eða eyðileggingu komi til framkvæmda. Í textanum hér að neðan er í stuttu máli greint frá þeirri hættu sem minjunum stafar af framkvæmdunum, en tillögum að mögulegum mótvægisáðgerðum er hins vegar sleppt að mestu. Það er á valdi Fornleifaverndar ríkisins að skera úr um nauðsynlegar áðgerðir áður en til framkvæmda kemur sem og mögulegar mótvægisáðgerðir á meðan á þeim stendur.

Minjar í hættu/stórhættu vegna veglínu A

Veglína A nær frá norðurenda Skriðuvatns í Skriðdal, yfir heiðina að Hringvegi í botni Berufjarðar. Hún er því lengst allra veglínanna og þarf því ekki að koma á óvart að langflestar minjar eru skráðar innan áhrifasvæðis hennar.

Af þeim **36** minjastöðum sem skráðir voru innan áhrifasvæðis veglínu A eru **7** metnir í hættu (þ.e. eru 50-100 m frá miðlínu) vegna framkvæmdanna. **29** minjastaðir eru í innan við 50 m fjarlægð frá miðlínu og því í stórhættu.

Fornleifar í **hættu** vegna veglínu A:

FORNLEIF	TEGUND	HLUTVERK
060:041	Tóft	Beitarhús
060:043	Varða	Samgöngubót
060:045	Varða	Samgöngubót
060:050	Varða	Samgöngubót
060:059	Varða	Samgöngubót
215:025	Tóftir	Sel
215:064	Varða	Óþekkt

Fornleifar í **stórhættu** vegna veglínu A:

FORNLEIF	TEGUND	HLUTVERK
060:042	Dys	Óþekkt
060:044	Gata	Leið
060:046	Varða	Samgöngubót
060:047	Varða	Samgöngubót
060:048	Varða	Samgöngubót
060:049	Varða	Samgöngubót
060:051	Varða	Samgöngubót
060:052	Varða	Samgöngubót
060:053	Varða	Samgöngubót
060:054	Varða	Samgöngubót
060:055	Varða	Samgöngubót
060:056	Varða	Samgöngubót
060:057	Varða	Samgöngubót
060:058	Varða	Samgöngubót
060:060	Gerði	Rétt
060:061	Tóft	Óþekkt
060:062	Tóft	Óþekkt

060:063	Tóft	Óþekkt
060:064	Dys	Óþekkt
060:065	Hleðsla	Óþekkt
215:058	Tóft	Óþekkt
215:057	Hleðsla	Óþekkt
215:065	Varða	Samgöngubót
215:066	Varða	Samgöngubót
215:068	Varða	Samgöngubót
215:069	Varða	Samgöngubót
215:070	Varða	Samgöngubót
691:001	Heimild	Leið
691:002	Heimild	Leið

Eins og áður segir eru flestar minjar skráðar innan hættumarka veglínu A, eða alls 36.

Þeim 7 fornleifum sem metnar eru í hættu vegna framkvæmdanna ætti að reynast auðvelt að hlífa við raski. Það á við um Beitarhús **060:041**, vörðu **060:043**, sel **215:025** og vörðu **215:064**, sem eru í jaðri áhrifasvæðisins. Það á einnig við vörður **060:045**, **060:050** og **060:059**, sem hafa líklega allar varðað gömlu leiðina yfir Öxi **691:002**.

Alls teljast 29 fornleifar í stórhættu vegna framkvæmda við veglínu A. Af þeim eru 17 vörður, sem margar hverjar hafa varðað gömlu leiðina yfir Öxi **691:002**. Þar sem gamla leiðin hefur víða legið eins og akvegur gerir nú eru margar varðanna í mikilli nálægð við veginn og þ.a.l. innan marka óhjákvæmilegrar röskunar vegna lagfæringa á honum. Hið sama á við um dys **060:042**, dys **060:064** og hleðslu **060:065** sem eru fast eða skammt frá núverandi vegi í Skriðdal. Götu **060:044**, leifum gamla akvegarins yfir Breiðdalsheiði, hefur þegar verið raskað við vegagerð í botni Skriðdals og mun hún óhjákvæmilega verða fyrir frekari skemmdum við lagfæringar og breikkun vegarins.

Fast við núverandi akveg í Skriðdal eru þrjár tóftir, **060:061**, **060:062** og **060:063**, sem allar þurfa að víkja vegna lagfæringa og breikkunar vegarins, en framkvæmdasvæðið fylgir þar núverandi akvegi.

Þótt gerði **060:060** teljist í stórhættu vegna framkvæmdanna ætti þó að vera hægt að koma í veg fyrir röskun þess.

Ekki fundust ummerki um götur eða paldra við leiðir **691:001** eða **691:002**. Margar þeirra varða sem skráðar eru á Öxi hafa þó líklega tilheyrt leið **691:002** eins og áður segir.

Minjar í hættu/stórhættu vegna veglínu B

Veglína B liggur úr Berufjarðarbotni upp brattann í Berufjarðardal, að Háubrekku þar sem hún sameinast veglínu A norðan Grjótár. Alls eru **11** minjastaðir skráðir á áhrifasvæði veglínu B. Af þeim eru **4** minjastaðir í 50-100 m fjarlægð frá miðlínu og metnir í hættu vegna framkvæmdanna. Aðrir **7** minjastaðir eru í innan við 50 m fjarlægð frá miðlínu og teljast í stórhættu vegna framkvæmdanna.

Fornleifar í **hættu** vegna veglínu B:

FORNLEIF	TEGUND	HLUTVERK
215:012	Tóft	Smalakofi
215:023	Tóftir+garðlag	Býli
215:032	Garðlag	Óþekkt
215:070	Varða	Samgöngubót

Fornleifar í **stórhættu** vegna veglínu B:

FORNLEIF	TEGUND	HLUTVERK
215:061	Hleðsla	Óþekkt
215:062	Hleðsla	Óþekkt
215:065	Varða	Samgöngubót
215:067	Varða	Samgöngubót
215:068	Varða	Samgöngubót
691:001	Heimild	Leið
691:002	Heimild	Leið

Eins og áður segir eru 11 fornleifar skráðar innan hættumarka veglínu B. Þeim 4 fornleifum sem teljast í hættu vegna framkvæmdanna ætti að reynast auðvelt að hlífa við raski. Þó væri æskilegt að viðhafa sérstaka aðgát í námunda við Árnhus **215:023**, en þar sem um býli er að ræða getur umfang og fjöldi fornleifa hæglega verið meiri en yfirborðskönnun gefur til kynna.

Þær 7 minjar sem teljast í stórhættu vegna veglínu B verða óhjákvæmilega fyrir raski vegna framkvæmda við hana. Af þeim eru 3 vörður en tvær þeirra, **215:065** og **215:068**, hafa líklega varðað gömlu leiðina yfir Öxi **691:002**. Önnur ummerki við leiðir **691:002** eða **691:001** fundust ekki. Ein fornleif, hleðsla **215:061**, er beinlínis í veglínunni, og hleðsla **215:062** skammt utan hennar.

Minjar í hættu/stórhættu vegna veglínu C

Veglína C liggur með sunnanverðum Berufjarðarbotni, undir hlíðinni sunnan Berufjarðarár, upp undir Háöldu og sameinast veglínu A norðvestan Beitivalla. Alls voru skráðir **6** minjastaðir á áhrifasvæði veglínu C. Af þeim eru **2** í 50-100 m fjarlægð frá miðlínu og metnir í hættu vegna framkvæmdanna. Aðrir **4** minjastaðir eru í innan við 50 m fjarlægð frá miðlínu og teljast í stórhættu vegna framkvæmdanna.

Fornleifar í **hættu** vegna veglínu C:

FORNLEIF	TEGUND	HLUTVERK
215:022	Hellir	Fjárskýli
215:032	Garðlag	Óþekkt

Fornleifar í **stórhættu** vegna veglínu C:

FORNLEIF	TEGUND	HLUTVERK
215:023	Tóftir+garðlag	Býli
215:060	Tóft	Óþekkt
215:063	Varða	Óþekkt

691:002	Heimild	Leið
---------	---------	------

Alls eru 6 skráðar fornleifar innan hættumarka veglínu C. Þeim tveimur fornleifum sem teljast í hættu vegna framkvæmdanna, hellum **215:022** og garðlagi **215:032**, mætti auðveldlega hlífa við raski.

Þeim minjum sem teljast í stórhættu vegna veglínunnar er mjög hætt við raski eða eyðileggingu komi til framkvæmda. Veglína liggur yfir heimatún eyðibýlisins Árnúsa **215:023** og eru allar tóftir og aðrar minjar innan þess í stórhættu. Auk þess er líklegt að umfang og fjöldi fornleifa í heimatúnum sé meiri en yfirborðskönnun gefur til kynna. Veglína C liggur einnig yfir tóft **215:060** og skammt frá vörðu **215:063**. Ekki fundust ummerki um götur eða paldra við gömlu leiðina **691:002** yfir Öxi, en margar þeirra varða sem skráðar voru á heiðinni hafa varðað leiðina.

Minjar í hættu/stórhættu vegna veglínu D

Veglína D liggur um ysta hluta Berufjarðardals. Hún liggur frá núverandi Hringvegi sunnan Berufjarðarár, til norðvesturs yfir ána nokkru innan við núverandi veg. Þaðan liggur hún þvert yfir tún á Melshorni og sameinast núverandi Axarvegi (og veglínu A) við neðsta klifið, skammt vestan við Melshorn.

Aðeins ein fornleif er skráð innan áhrifasvæðis veglínu D.

Fornleifar í **stórhættu** vegna veglínu D:

FORNLEIF	TEGUND	HLUTVERK
691:002	Heimild	Leið

Ekki fundust ummerki um götur eða paldra við gömlu leiðina **691:002** yfir Öxi, en margar þeirra varða sem skráðar voru á heiðinni hafa varðað leiðina. Þó svo aðeins sé ein skráð fornleif innan áhrifasvæðis veglínu D ber að hafa í huga að veglína D liggur að verulegu leyti innan sléttaðs túns í landi Melshorns, og því veruleg hætt á að minjar sem ekki sjást á yfirborði geti komið í ljós við framkvæmdir.

Minjar í hættu/stórhættu vegna veglínu X

Veglína X liggur um botn Berufjarðar, frá Reiðeyri sunnan fjarðar, norður leirur Berufjarðaróss og þaðan austur með sjó og sameinast veglínu Y suðvestan við bæinn Berufjörð. Alls voru skráðir **5** minjastaðir á áhrifasvæði veglínu X. Eru þeir allir í innan við 50 m fjarlægð frá miðlínu og eru því í stórhættu vegna framkvæmdanna.

Fornleifar í **stórhættu** vegna veglínu X:

FORNLEIF	TEGUND	HLUTVERK
215:014	Gata	Leið
215:030	Hjallur	Naust
215:033	Garðlag	Vörslugarður
215:055	Gerði	Óþekkt
691:001	Heimild	Leið

Alls eru 5 fornleifar skráðar innan hættumarka veglínu X. Garðlagi **215:033** og hjalli **215:030** verður óhjákvæmilega raskað við framkvæmdirnar. Hið sama á líklega við um götu **215:014** og gerði **215:055**. Ekki fundust ummerki um götur eða paldra við gömlu leiðina **691:001**, en leiðin telst þó innan stórhættumarka veglínunnar.

Minjar í hættu/stórhættu vegna veglínu Y

Veglína Y liggur með sjó um norðanverðan Berufjörð. Hún fylgir ströndinni frá Berufjarðararósi suður fyrir Berufjarðarbæ. Suðaustan við bæinn greinist hún í tvennt (þ.e. þar eru tvær tillögur að legu hennar) og liggur annars vegar með ströndinni, en hins vegar þvert yfir víkina vestan Staðareyrar. Austan við víkina liggur leiðin í suðurjaðri Hvannabrekkutúna og sameinast núverandi Hringvegi skammt innan við Skolhólalæk. Alls eru **9** minjastaðir skráðir innan áhrifasvæðis veglínu Y. Þar af eru **3** í 50-100 m fjarlægð frá miðlínu og teljast í hættu vegna framkvæmdanna. Aðrir **6** eru í innan við 50 m fjarlægð frá miðlínu og því metnir í stórhættu vegna framkvæmdanna.

Fornleifar í **hættu** vegna veglínu Y:

FORNLEIF	TEGUND	HLUTVERK
215:035	Tóft	Mylla
215:051	Þjóðsaga	Legstaður
215:053	Varða	Landamerki

Fornleifar í **stórhættu** vegna veglínu Y:

FORNLEIF	TEGUND	HLUTVERK
215:014	Gata	Leið
215:030	Tóftir	Naust, hjallur, vör
215:033	Garðlag	Vörslugarður
215:054	Garðlag	Óþekkt
215:055	Gerði	Óþekkt
691:001	Heimild	Leið

Alls eru 9 minjar skráðar innan áhrifasvæðis veglínu Y. Þeim 3 minjum sem teljast í hættu vegna veglínunnar mætti auðveldlega hlífa við raski. Myllutóft **215:035** og varða **215:053** eru báðar það langt frá miðlínu fyrirhugaðrar veglínu að auðvelt ætti að vera að sneiða hjá þeim. Þótt meintur legstaður Beru **215:051** sé nær miðlínu mætti með einfaldri merkingu eða með því að girða hann af komast hjá raski við hann.

Aðrir 6 minjastaðir teljast í stórhættu og verður röskun þeirra óhjákvæmileg komi til framkvæmda við veglínuna. Leiðir **215:014** og **691:001** hafa legið á svipuðum slóðum og fyrirhuguð veglína, en aðeins fundust ummerki við þá fyrri. Veglínan liggur yfir vel varðveittar rústir hjalls, nausts og varar **215:030**, í námunda við vörslugarð **215:033**, garðlag **215:054** og gerði **215:055**. Allar þessar minjar yrðu fyrir raski ef til framkvæmda kæmi.

Minjar í hættu/stórhættu vegna veglínu Z

Veglína Z liggur þvert yfir Berufjörðinn. Hún liggur af núverandi Hringvegi við Reiðeyri sunnan fjarðar og norður á vestanverða Staðareyri norðan hans. Þaðan sveigir leiðin til norðausturs með sjó, í suðurjaðri túna á Hvannabrekku og sameinast núverandi Hringvegi austan þeirra. Á áhrifasvæði veglínunnar voru skráðar **3** fornleifar. Þar af var **1** fornleif í yfir 50 m fjarlægð frá miðlínu og því í hættu vegna framkvæmdanna. Aðrar **2** fornleifar voru í innan við 50 m fjarlægð frá miðlínu og metnar í stórhættu vegna þeirra.

Minjar í **hættu** vegna veglínu Z:

FORNLEIF	TEGUND	HLUTVERK
215:059	Garðlag	Óþekkt

Fornleifar í **stórhættu** vegna veglínu Z:

FORNLEIF	TEGUND	HLUTVERK
215:014	Gata	Leið
215:054	Garðlag	Óþekkt

Alls eru 3 fornleifar skráðar á áhrifasvæði veglínu Z. Garðlag **215:059** er í jaðri áhrifasvæðis veglínunnar og mætti auðveldlega hlífa því við raski. Leið **215:014** lá yfir leirur í botni fjarðarins og austur með sjó beggja vegna hans. Henni hefur því þegar verið raskað af vegagerð í sunnanverðum firðinum, en ummerki hennar eru greinileg í norðanverðum firðinum. Garðlagi **215:054** stafar stórhætta af framkvæmdum við veglínuna.

Minjar í hættu/stórhættu vegna veglínu W

Veglína W liggur samsíða veglínu Y, en nokkru norðar eða fjær ströndinni. Hún þverar tún í Berufirði, en sameinast svo veglínu Y norðan Staðareyrar á landamerkjum Hvannabrekku og Berufjarðar. Alls eru **8** minjastaðir skráðir innan áhrifasvæðis veglínu W. Þar af eru **3** minjastaðir í 50-100 m fjarlægð frá miðlínu og metnir í hættu vegna

framkvæmdanna. Aðrir **5** minjastaðir eru í innan við 50 m fjarlægð frá miðlínu og því í stórhættu vegna framkvæmda við veglínuna.

Minjar í **hættu** vegna veglínu W:

FORNLEIF	TEGUND	HLUTVERK
215:036	Heimild	Mógrafir
215:053	Varða	Landamerki
691:003	Gata	Leið

Minjar í **stórhættu** vegna veglínu W:

FORNLEIF	TEGUND	HLUTVERK
215:014	Gata	Leið
215:035	Tóft	Mylla
215:051	Þjóðsaga	Legstaður
215:055	Gerði	Óþekkt
691:001	Heimild	Leið

Alls eru 8 minjastaðir skráðir á áhrifasvæði veglínu W. Þeim 3 fornleifum sem teljast í hættu vegna framkvæmdanna mætti auðveldlega hlífa við raski. Hins vegar yrði röskun óhjákvæmileg á þeim minjastöðum sem teljast í stórhættu vegna framkvæmdanna. Það á a.m.k. við um myllutóft **215:035**, legstað **215:051** og gerði **215:055**. Greinilegar götur bera vitni um gömlu leiðina **215:014** meðfram sjónum og stafar þeim mikil hætta af framkvæmdunum, en engin ummerki hafa fundist um leið **691:001** á láglandinu.

Veglína W liggur að nokkru leyti um sléttuð tún í Berufirði. Af þeim sökum er hætta á því að minjar, sem ekki sér merki á yfirborði, kunni að komi í ljós við jarðrask og verður því að hafa sérstaka aðgát við framkvæmdir á þessum slóðum.

Minjar í hættu/stórhættu vegna Hringvegjar um sunnanverðan Berufjörð

Gert er ráð fyrir því að endurbætur verði gerðar á núverandi Hringvegi í sunnanverðum Berufirði, frá fjarðarbotni að Selnesi í landi Lindarbrekku. Alls eru **8** minjastaðir skráðir innan hættumarka þessarar veglínu. Af þeim eru **3** minjastaðir í yfir 50 m fjarlægð frá miðlínu og metnir í hættu vegna framkvæmdanna. Aðrir **5** minjastaðir eru í innan við 50 m fjarlægð frá miðlínu og því í stórhættu vegna þeirra.

Minjar í **hættu** vegna Hringvegjar um sunnanverðan Berufjörð:

FORNLEIF	TEGUND	HLUTVERK
215:014	Gata	Leið
215:021	Garðlag	Óþekkt

Minjar í **stórhættu** vegna Hringvegjar um sunnanverðan Berufjörð:

FORNLEIF	TEGUND	HLUTVERK
215:031	Örnefni	Óþekkt
215:032	Garðlag	Óþekkt
215:056	Varða	Óþekkt
215:057	Hleðsla	Óþekkt
215:058	Tóft	Óþekkt
215:059	Garðlag	Óþekkt

Alls eru 8 fornleifar í hættu vegna lagfæringa á Hringvegi um sunnanverðan fjörðinn. Auðvelt ætti að vera að hlífa garðlagi **215:021** við raski. Leið **215:014** hefur líklega þegar verið raskað af vegagerð í sunnanverðum firðinum, en hennar sjást ekki merki þar. Hins vegar yrði röskun líklega óhjákvæmileg við Yxnahelli **215:031**, garðlag **215:032**, vörðu **215:056**, hleðslu **215:057**, tóft **215:058** og garðlag **215:059**.

Minjar í hættu/stórhættu vegna heimreiða

Tilfærsla á vegarstæði í botni Berufjarðar og með ströndinni í norðanverðum firðinum mun hafa í för með sér nauðsyn á nýjum heimreiðum að tveimur bæjum, þ.e. Berufirði og Hvannabrekku. Tillögu að staðsetningu þessara heimreiða er að finna í tillögum Vegagerðar að veglínunum, en Vegagerðin tók þó fram að lega þeirra væri ekki endanlega ákvörðuð. Ennfremur skal tekið fram að við skráninguna lá nákvæm hnitsetning heimreiðanna ekki fyrir.

Miðað við tillögu Vegagerðar eru **6** fornleifar skráðar innan áhrifasvæðis nýrrar heimreiðar að Berufirði. Af þeim eru **5** fornleifar í hættu vegna framkvæmdanna, en **1** fornleif í stórhættu vegna þeirra.

Miðað við tillögu Vegagerðar er **1** fornleif í stórhættu vegna nýrrar heimreiðar að Hvannabrekku.

Fornleifar í **hættu** vegna heimreiðar að Berufirði:

FORNLEIF	TEGUND	HLUTVERK
215:001	Bæjrhóll	Bústaður
215:002	Heimild	Kirkja
215:035	Tóft	Mylla
215:036	Heimild	Mógrafir
215:045	Heimild	Heygarður, sáðreitir

Fornleifar í **stórhættu** vegna heimreiðar að Berufirði:

FORNLEIF	TEGUND	HLUTVERK
691:003	Gata	Leið

Fornleifar í **stórhættu** vegna heimreiðar að Hvannabrekku:

FORNLEIF	TEGUND	HLUTVERK
691:003	Gata	Leið

Eins og áður segir eru tillögur Vegagerðar að heimreiðum að Hvannabrekku og Berufirði ekki endanlegar. Miðað við þær eru 6 fornleifar innan áhrifasvæðis heimreiðar að

Berufirði. Fimm þeirra eru í hættu vegna framkvæmdanna og mætti auðveldlega komast hjá raski við þær allar. Ein fornleif, innansveitarvegurinn gamli **691:003**, telst í stórhættu vegna framkvæmdanna, en hluti hans er enn í notkun og liggur milli gamla bæjarins og kirkjunnar austur á túnin. Sá sami vegur telst í stórhættu vegna heimreiðar að Hvannabrekku, en honum hefur þegar verið raskað af vegagerð.

Þess ber að geta að fyrirhugaðar heimreiðar að Berufirði og Hvannabrekku munu óhjákvæmilega liggja um sléttuð tún, og a.m.k. í tilfelli Berufjarðar um gamla heimatúnið. Veruleg hættu er því á að minjar, sem ekki sér merki á yfirborði, kunni að komi í ljós við jarðrask og verður því að hafa sérstaka aðgát við framkvæmdir á þessum slóðum.

Minjar í hættu vegna efnisnáms í tengslum við framkvæmdir

Vegagerðin hefur birt tillögur að 17 mögulegum efnistökusvæðum við viðkomandi veglínur. Nákvæm staðsetning þessara náma, eða umfang þeirra liggur þó ekki fyrir þótt staðsetning þeirra sé tilgreind á loftmyndum Vegagerðar. Flestar námanna eru staðsettar þar sem fornleifa er varla að vænta, við grýttar áreyrar eða urðir þar sem í sumum tilvikum eru þegar opnar námur. Alls voru **5** minjastaðir skráðir í hættu vegna efnistökusvæða – vegna námu Q á landamerkjum Hvannabrekku og Berufjarðar, og vegna náma A og B í botni Skriðdals.

Fornleifar í **stórhættu** vegna námu A:

FORNLEIF	TEGUND	HLUTVERK
060:063	Tóft	Óþekkt

Fornleifar í **stórhættu** vegna námu B:

FORNLEIF	TEGUND	HLUTVERK
060:062	Tóft	Óþekkt
060:063	Tóft	Óþekkt

Fornleifar í hættu vegna námu Q:

FORNLEIF	TEGUND	HLUTVERK
215:034	Tóft	Stekkur
215:053	Varða	Landamerki
215:071	Tóft	Fjárhús

Alls teljast 5 fornleifar í hættu vegna mögulegs efnisnáms við framkvæmdirnar.

Í botni Skriðdals teljast 2 fornleifar, tóftir **060:062** og **060:063**, í stórhættu vegna námu B. Tóft **060:063** telst auk þess í stórhættu vegna námu A.

Þær minjar sem teljast í hættu vegna námu Q eru allar á mörkum þess að geta talist í hættu, og mætti auðveldlega hlífa þeim við raski. Þar sem endanlegt umfang náma liggur ekki fyrir þótti þó rétt að tilgreina þær.

6. NIÐURLAG

Við vettvangsskráningu voru alls skráðar 64 fornleifar á áhrifasvæði væntanlegra framkvæmda. Þær dreifast á framkvæmdasvæðin þrjú, þ.e. frá Hringvegi í Skriðdal, um Axarveg og loks um Hringveg í botni Berufjarðar. Flestar fornleifar eru í Berufirði og Berufjarðardal. Færri minjar eru skráðar í botni Skriðdals, en allmargar vörður eru skráðar á Öxi. Flestar þeirra hafa varðað gömlu þjóðleiðina á milli Fljótisdals/Skriðdals og Berufjarðar.

Í tillögum Vegagerðarinnar er að finna 8 veglínur (A, B, C, D, X, Y, Z og W) auk Hringvegjar um sunnanverðan Berufjörð. Einnig eru þar tillögur að nýjum heimreiðum að Berufirði og Hvannabrekku og mögulegum efnisnámum. Fornleifar voru skráðar innan áhrifasvæða allra framkvæmdasvæða. Flestar voru skráðar innan áhrifasvæðis veglínu A, enda er hún lengst þeirra.

Hafa ber í huga að sú rannsókn sem gerð hefur verið er yfirborðskönnun og nær ekki til minja sem leynst geta undir sverði. Meginreglan um dreifingu fornleifa er sú að þær eru flestar í túni heima við bæi en fækkar eftir því sem fjær dregur frá byggð. Hverskonar jarðrask getur því leitt í ljós áður óþekktar minjar, en rask í sléttuðum tünnum nærri bæjum er sérstaklega líklegt til þess.

Eins og áður hefur komið fram eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar samkvæmt lögum, og má enginn spilla þeim, granda né hylja nema með fengnu leyfi Fornleifaverndar ríkisins. Nú liggur fyrir úttekt á þeim fornleifum sem kunna að eða munu raskast við fyrirhugaðar framkvæmdir. Það er ljóst af þeirri vettvangsúttekt að nauðsynlegt verður að gera ráðstafanir vegna fornleifa áður en til framkvæmda kemur. Umfang og eðli þeirra ráðstafana mun fara eftir því hvaða veglínur verða fyrir valinu, en eins og áður kemur fram eru fornleifar í námunda við þær allar. Þó er ljóst að þær ráðstafanir geta bæði falið í sér nákvæmar björgunarrannsóknir í formi uppgrافتa, en einnig fyrirbyggjandi ráðstafanir sem gætu falist í merkingu og afgirðingu fornminja á meðan á framkvæmdum stendur.

Með þessari skýrslu er gerð grein fyrir þeim fornleifum sem stafa hætta af framkvæmdunum og í stuttu máli bent á nauðsynlegar ráðstafanir. Endanleg ákvörðun um slíkar ráðstafanir er hins vegar í höndum Fornleifaverndar ríkisins. **Ekki getur því komið til neinna framkvæmda á svæðinu fyrr en úrskurður og skilyrði Fornleifaverndar liggja fyrir, og þeim hefur verið framfylgt með fullnægjandi rannsókn.**

Heimildir

Heimildamenn:

Bragi Gunnlaugsson, Berufirði, f. 1932

Óskar Gunnlaugsson, Berufirði, f. 1937

Laufey Sólmundsdóttir, Vatnsskógum, f. 1928

Jón Magnússon, Vatnsskógum, f. 1928

Ritaðar heimildir:

Axarvegur (939, Hringvegur (1) í Skriðdal og Hringvegur (1) um Berufjarðarbotn. Tillaga að matsáætlun. (nóvember, 2008). Helga Aðalgeirsdóttir, Magnús Björnsson og Sóley Jónasdóttir ritstýrðu. Akureyri: Vegagerðin, Veghönnunardeild og áætlanir og hönnunarkaup Akureyri.

DI: *Ísenzkt fornbréfasafn I-XVI.* (1857-1972). Reykjavík/Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafjelag.

Guðrún Sveinbjarnardóttir. (1991). Shielings in Iceland: an archaeological and historical survey. Í *Acta Archaeologica* 61, bls. 93-96.

Guðrún Sveinbjarnardóttir. (1992). *Farm Abandonment in Medieval and Post-Medieval Iceland: an Interdisciplinary Study.* Oxbow Monograph 17. Oxford: Oxbow Books.

JJ: Johnsen, J. (1847). *Jarðatal á Íslandi.* Kaupmannahöfn.

Lög um mat á umhverfisáhrifum (nr. 106/2000)

ÓO: Ólafur Olavíus. (1964). *Ferðabók I-II.* Reykjavík: Bókfellsútgáfan.

SJM: *Sveitir og jarðir í Múlaþingi.* (1975-1976). II. og III. bindi. (Ármann Halldórsson ritstýrði). Seltjarnarnes: Búnaðarsamband Austurlands.

SSM: *Sýslu- og sóknalýsingar. Múlasýslur.* (2000). Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson sáu um útgáfuna. Reykjavík: Sögufélagið.

Þjóðminjalög (nr. 107/2001)

Örnefnaskrár:

Ö-Vatnsskógar: Örnefnaskrá Vatnsskóga, Stefán Einarsson skráði, Örnefnastofnun Íslands, ártal ekki uppgafið.

Ö-Berufjörður: Örnefnaskrá Berufjarðar, Bergsveinn Skúlason skráði. Örnefnastofnun Íslands, 1972.

Ö-Þingmúli: Örnefnaskrá Þingmúla, Eiríkur Eiríksson skráði, Örnefnastofnun Íslands, 1970.

Túnakort:

Þjóðskjalasafn Íslands

Jarðadeild XIV. Uppdrættir af túnum 1919. Skriðdalur, Berufjörður. Þjóðskjalasafn Íslands.

Viðauki: Hnitaskrá, loftmyndir og minjakort


Hnitaskrá skráðra minja

Samtala	Latitude	Longitude
060:041	N64 56.689	W14 38.167
060:042	N64 54.711	W14 38.779
060:043	N64 54.594	W14 38.531
060:044A	N64 54.653	W14 38.716
060:044B	N64 54.623	W14 38.608
060:045	N64 49.944	W14 39.961
060:046	N64 49.926	W14 40.002
060:047	N64 49.963	W14 40.007
060:048	N64 50.205	W14 40.019
060:049	N64 50.256	W14 40.056
060:050	N64 50.458	W14 40.238
060:051	N64 50.468	W14 40.190
060:052	N64 50.553	W14 40.266
060:053	N64 50.596	W14 40.317
060:054	N64 50.651	W14 40.367
060:055	N64 50.774	W14 40.429
060:056	N64 50.801	W14 40.422
060:057	N64 50.930	W14 40.415
060:058	N64 50.930	W14 40.486
060:059	N64 51.116	W14 40.364
060:060	N64 57.542	W14 37.858
060:061	N64 55.092	W14 38.843
060:062	N64 56.116	W14 38.514
060:063	N64 56.253	W14 38.353
060:064	N64 56.682	W14 38.295
060:065	N64 56.693	W14 38.352
215:001	N64 47.767	W14 29.031
215:002	N64 47.754	W14 29.003
215:012	N64 48.352	W14 33.674
215:014	N64 47.570	W14 29.586
215:014B	N64 47.627	W14 29.471
215:014C	N64 47.194	W14 29.602
215:021	N64 47.112	W14 29.362
215:021A	N64 47.124	W14 29.347
215:022	N64 47.607	W14 32.149
215:023A	N64 47.982	W14 33.095
215:023B	N64 47.960	W14 33.111
215:023C	N64 47.923	W14 33.090
215:023D	N64 47.993	W14 33.082
215:023E	N64 47.991	W14 33.135


215:023F	N64 47.944	W14 33.127
215:023G	N64 47.924	W14 33.085
215:023H	N64 47.924	W14 33.060
215:025	N64 48.441	W14 32.893
215:030	N64 47.630	W14 28.970
215:031	N64 47.063	W14 29.221
215:032A	N64 47.504	W14 30.787
215:032B	N64 47.515	W14 30.911
215:032C	N64 47.508	W14 30.852
215:033	N64 47.629	W14 29.042
215:033B	N64 47.622	W14 29.020
215:034	N64 47.570	W14 28.245
215:035	N64 47.694	W14 29.106
215:036	N64 47.726	W14 29.011
215:045	N64 47.775	W14 29.065
215:051	N64 47.694	W14 28.841
215:053	N64 47.535	W14 28.316
215:054	N64 47.343	W14 27.233
215:055	N64 47.662	W14 29.278
215:055B	N64 47.687	W14 29.296
215:056	N64 46.962	W14 28.930
215:057	N64 46.966	W14 28.926
215:058	N64 46.486	W14 28.015
215:059	N64 47.063	W14 29.593
215:059B	N64 47.082	W14 29.572
215:060	N64 48.034	W14 34.168
215:061	N64 48.164	W14 33.471
215:062	N64 48.138	W14 33.456
215:063	N64 47.727	W14 32.470
215:064	N64 48.320	W14 33.392
215:065	N64 48.726	W14 36.304
215:066	N64 48.677	W14 36.633
215:067	N64 48.713	W14 36.767
215:068	N64 48.738	W14 36.900
215:069	N64 48.796	W14 37.252
215:070	N64 48.820	W14 37.222
215:071	N64 47.601	W14 28.337

Loftmyndir og minjakort


Axarvegur: Yfirlitskort 1



- Skráðar fornleifar
- Veglínur A og Y
- Veglína B
- Veglína C
- Veglína D
- Veglína X
- Veglína Z
- Veglína W
- - - - Mörk athugunarsvæðis




Axarvegur: Yfirlitskort 2





0
kilómetrar



- Skráðar fornleifar
- Veglínur A og Y
- Veglína B
- Veglína C
- Veglína D
- Veglína X
- Veglína Z
- Veglína W
- - - - Mörk athugunarsvæðis



Axarvegur: kort 3



Axarvegur: kort 4



Axarvegur: kort 5



• 060046

Veglina A

• 215070
• 215069


• 215068
• 215067
• 215066

• 215065

Veglina B

0 0,5 1

kílómetrar



Axarvegur: kort 6



Veglína A

060059

060058
060057


060056
060055

060054
060053
060052

060051
060050

060049
060048

060047 060045
060046



Axarvegur: kort 7



060062

060061


060042

060044A

060044B

060043

Veglína A



Axarvegur: kort 8



060060

Veglína A

060065

060041

060064

060063

060062

